
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hver er upplifun íslenskra alþingiskvenna af fjölmiðlum og fjölmiðlaumfjöllun?

Ritgerð til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Nafn nemanda: Ingunn Bylgja Einarsdóttir

Leiðbeinandi: Ásta Jóhannsdóttir

(Vormisseri 2017)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting á lokaverkefni til BA-gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Lokaverkefnið

Hver er upplifun íslenskra alþingiskvenna af fjölmiðlum og fjölmiðlaumfjöllun?

Eftir **Ingunni Bylgju Einarsdóttur, kt. 131079-3389**

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst
og hefur hlotið lokaekunnina _____

Háskólinn á Bifröst

Leiðbeinandi

Sviðsstjóri félagsvísindasviðs

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hver er upplifun íslenskra alþingiskvenna af fjölmiðlum og fjölmiðlaumfjöllun?

Ritgerð til BA gráðu

Nafn nemanda: Ingunn Bylgja Einarsdóttir

Leiðbeinandi: Ásta Jóhannsdóttir

(Vormisseri 2017)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ágrip

Í þessu lokaverkefni eru kynntar niðurstöður rannsóknar á upplifun íslenskra alþingiskvenna til fjölmiðla og fjölmiðlaumfallana um störf þeirra. Tiltölulega jafnt kynjahlutfall ríkti á þingi á þeim tíma sem rannsóknin var unnin og var markmið rannsóknarinnar að varpa ljósi á upplifun alþingiskvenna sem viðmælenda í fjölmiðlum. Beitt var eiginlegum rannsóknaraðferðum við vinnslu verkefnisins og gagna aflað með viðtölum við fjórar konur sem störfuðu á Alþingi á því kjörtímabili sem var yfirstandandi þegar rannsóknin var unnin. Tilgangur rannsóknarinnar var að ná fram viðhorfi og upplifum viðmælenda til fjölmiðla.

Helstu niðurstöður benda til þess að mun oftast sé leitað til karla í stjórnámálum þegar ræða á tiltekin málefni er varða störf þings og ríkisstjórnar. Skýringuna má að stórum hluta rekja til þess að löng hefð er fyrir því að aðallega karlmenn gegni æðstu embættum innan ríkisstjórnar og þings. Enn virðist ríkja sú tvíhyggjuhugmynd að karlmenn séu hæfari þegar kemur að stjórnámálum og konur eigi að einbeita sér frekar að mýkri málum. Ennþá eru ríkjandi hugmyndir um konur sem mæður og húsmæður. Þegar kemur að stjórnun stærri ráðuneyta á borð við forsætis- og fjármálaráðuneyti, sitja karlmenn þar mun oftast á stóli og því leiti fjölmiðlar óhjákvæmilega frekar eftir viðtölum við þá. Þó kom fram að þegar konur stýrðu téðum ráðuneytum jókst hlutur stjórnmalakvenna sem viðmælenda í fjölmiðlum ekki.

Abstract

This essay reports results from a study among Icelandic women in congress on their experiences of media and media coverage on their work. The gender ratio at Althingi was nearly equal at the time of the study and the aim was to shed light on the experience of congresswomen as interviewees in media. Data was collected with qualitative methods, i.e. interviews with four congress women, all of whom were active members of parliament at the time of the study, to capture their experiences and attitudes towards the media.

Results indicate that men in politics were more often contacted when specific issues relating to parliament and government were discussed. The explanation is largely based on the tradition of men holding higher offices within government and parliament. The dualistic notion is still prevalent, that men are more capable when it comes to politics and women should focus on the softer issues. It is still a prominent attitude that women are mothers and housewives. When it comes to managing larger ministries, like the Ministry of Finance and Economic affairs or the Prime Minister's Office, men are more often selected and therefore the media more often seeks their input. However, it was also noted that when women held those ministries, the female presence in media did not increase.

Formáli

Lokaverkefni þetta er til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) við Háskólann á Bifröst og er til 14 ECTS eininga. Verkefnið var unnið á tímabilinu janúar til apríl 2017 og ber titilinn *Hver er upplifun íslenskra alþingiskvenna af fjölmiðlum og fjölmiðlaumfjöllun?* Ábyrgð fjölmiðla samkvæmt lögum er að tryggja að sjónarmið bæði karla og kvenna komi jafnt fram. Fjölmiðlar hafa gríðarleg áhrif á viðhorf almennings og eru oft kallaðir fjórða valdið í lýðræðissamfélögum. Þeir bera því mikla ábyrgð er kemur að því að fjalla hlutlaust um menn og málefni og gefa sem réttasta og skýrasta mynd af þeim málefnum sem fjallað er um hverju sinni. Mikilvægt er að fjölmiðlar ýti undir jafnrétti og leiti jafnt til kvenna sem karla eftir viðtölum.

Sérstakar þakkir fær elskulegur eiginmaður minn, Pálmi Hreinn Sigurðsson, fyrir endalausan stuðning og hvatningu, sem og piltarnir mínir, þeir Sigurður og Úlfur, sem sýndu móður sinni mikla þolinmæði og undu henni marga fjarvistina á meðan vinnslu verkefnisins stóð.

Leiðbeinandinn minn, Ásta Jóhannsdóttir, fær mínar bestu þakkir fyrir styrka leiðsögn og þolinmæði við vinnslu verkefnisins. Viðmælendur mínir fá sömuleiðis kærar þakkir fyrir að gefa sér tíma frá sínum mikilvægu störfum til þess að hitta mig og ljá verkefninu rödd sína og viðhorf, en án þeirra hefði þessi hugmynd mín aldrei orðið að veruleika. Þakka ég einnig æskuvinkonu minni Urði Snædal fyrir að taka að sér yfirlestur og ábendingar, það kom aldrei neinn annar til greina. Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir fær einnig kærar þakkir fyrir að renna yfir verkefnið með óviðjafnanlegu miðjujöfnunar auga sínu og gefa mér góðar ábendingar.

Egilsstöðum, 2. maí 2017



Ingunn Bylgja Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Ágrip	ii
Abstract	iii
Formáli.....	iv
Efnisyfirlit.....	v
Töfluskrá.....	vi
1. Inngangur	1
2. Kenningar og hugtök	2
3. Fjölmíðlar og hlutverk þeirra.....	3
Hvað er fjölmíðill?	3
Áhrif fjölmíðla.....	4
4. Staðalmyndir kynjanna.....	4
Kynbundin félagsmótun	5
Kynbundinn launamunur og fæðingarorlof.....	6
5. Sýnileiki kvenlíkamans.....	9
Alsæið	9
Áhrif á konur.....	10
6. Konur í fjölmíðlum.....	11
Hlutfall íslenskra kvenna sem viðmælendur fjölmíðla	11
Birtingamynd kvenna í fjölmíðlum	13
Konur í stjórnámálum og fjölmíðlar	16
7. Aðferðafræði rannsóknar.....	19
Þátttaka og aðgengi.....	19
Greiningaraðferðir.....	21
Siðferðileg álitamál og afstaða rannsakanda	21
8. Niðurstöður	22
Karlur og hæfni	22
Hlédrægni kvenna	24
Persónuleg málefni.....	25
Þöggun.....	26
Staðalmyndir	26
Fjölmíðlar.....	29
9. Lokaorð.....	31
Heimildir	32
Viðaukar	37
Viðauki 1 – Viðtalsrammi.....	37

Viðauki 2 – Samþykktarskjal..... 39

Töfluskrá

Tafla 1. Viðmælendalisti..... 20

1. Inngangur

Löngum hefur hallað á konur í stjórnámálum sem viðmælendur í fjölmiðlum. Þrátt fyrir tiltölulega jafnt hlutfall kynja á Alþingi þá virðist samt sem síður sé leitað til kvenna vegna stöðu og þekkingar á stjórnámálum eða vegna vinnu þeirra og menntunar. Höfundur lagði upp með að rannsaka hver upplifun íslenskra stjórnmalakvenna væri af fjölmiðlum og umfjöllunum þeirra um þær á grundvelli starfs þeirra. Við vinnslu verkefnisins þótti mér mikilvægt að varpa ljósi á staðalmyndir kynjanna, hlutverk og skyldur fjölmiðla og sýnileika kvenlíkamans til þess að leita skýringa á hvers vegna konur beri svo skarðan hlut frá borði er kemur að fjölmiðlaumfjöllunum í stjórnámálum.

Í gegnum árin hef ég haft mikinn áhuga á stjórnámálum og aðkomu kvenna á þingi og í ríkisstjórn á Íslandi. Það hefur ætíð vakið athygli mína hversu áberandi er að karlkyns alþingismenn og ráðherrar eru frekar í viðtölum er varða störf þingsins og þá sérstaklega „hörð“ málefni á borð við efnahags- og orkumál, en konur fá að taka á „mjúku“ málunum, eins og til dæmis velferðarmálum. Þegar ég stundaði skiptinám við háskólann í Ljubljana voru stjórnmal iðulega rædd á milli tíma í kaffihúsakjallaranum og stóreygir nemendur úr gömlu Júgóslavíu báðu mig ítrekað að lýsa þeirri paradís sem Ísland væri fyrir konur með Vigdísí Finnbogadóttur sem varð fyrsti kvenforseti í heiminum, Jóhönnu Sigurðardóttur sem fyrsta samkynhneigða kvenkyns forsætisráðherrann og tiltölulega jafnt hlutfall kynja á þingi. Þrátt fyrir að finna fyrir ánægju og gleði yfir því að búa í landi þar sem kynin eiga jafnan rétt og möguleika í stjórnámálum, þá hefur ætíð nagað mig sú tilfinning að slíkt sé bara í orði en ekki á borði. Hvers vegna eru íslenskar stjórnmalakonur ekki meira áberandi í fjölmiðlum og hvers vegna heyrir rödd þeirra síður? Því var upplagt að nota tækifærið og kanna frekar hvaða ástæður liggja að baki þessu og varpa ljósi á upplifun og reynslu íslenskra stjórnmalakvenna af fjölmiðlaumfjöllunum um þær sjálfar, kynsystur þeirra og samstarfskonur.

2. Kenningar og hugtök

Til að svara rannsóknarspurningunni er mikilvægt að skoða kenningar og hugtök er tengjast viðfangsefninu.

Annar kafli reifar helstu hlutverk og ábyrgð fjölmiðla, sem og hlutfall karla og kvenna sem viðmælenda í fjölmiðlum. Einnig er komið inn á lagalegar skyldur fjölmiðla.

Í þriðja kafla er fjallað um hlutverk fjölmiðla og áhrif þeirra. Vegna þess hversu auðvelt er að nálgast efni af hvers konar fréttaveitum er mikilvægt að neytendur hafi gagnrýna hugsun að leiðarljósi og átti sig á hvað sé áreiðanlegur miðill og hvað ekki. Slíkt getur verið vandkvæðum bundið í því úrvali og aðgengi sem í boði er í dag. Einnig er komið inn á lög um fjölmiðla, hvaða skyldum fjölmiðlar eiga að gegna gagnvart konum og körlum og hvernig þeim er skylt að koma sjónarmiðum beggja kynja fram með sem jöfnustum hætti.

Í fjórða kafla er fjallað um staðalmyndir kynjanna og hvernig fólk fæðist kvenkyns og karlkyns, en samfélagið skilgreinir það sem konur og karla í gegnum kynbundna félagsmótun sem hefst strax við fæðingu. Einnig eru skoðaðar hugmyndir um kynjahlutverkin og hvernig samfélagið skilgreinir kynbundin hlutverk. Komið er inn á jafnrétti og hvernig fæðingarorlofi karla og kvenna er háttað samkvæmt lögum og hvernig óútskýrður kynbundinn launamunur viðheldur hugmyndum samfélagsins um hlutverk kvenna og karla.

Fimmti kafli varpar ljósi á sýnileika kvenlíkamans og er þar stuðst við kenningu Jeremy Bentham um *Alsæisbygginguna* og kenningu Michel Foucault um *vöktun* borgaranna og *vald* sem sprottin er úr kenningu Bentham. Með vöktuninni verða konur undirgefnari og auðsveipari í þeim samfélagslegu hlekkjum sem bornir eru á þær.

Í sjötta kafla er fjallað um konur og fjölmiðla, birtingarmynd þeirra í fjölmiðlum og svo stjórnmalakonur í fjölmiðlum. Fyrst eru dregnar saman helstu niðurstöður í rannsókn Sameinuðu þjóðanna um hlutfall karla og kvenna sem viðmælenda í fjölmiðlum, en rannsóknin sem staðið hefur yfir í samfelld 22 ár, sýnir að hlutfall íslenskra kvenna fer dalandi. Fjallað er um *The Social Learning Theory* sem sett var fram af Albert Bandura og lýsir því hvernig herminám á sér stað með sjónvarpsáhorfi og hvernig fólk sækir sér fyrirmyndir í gegnum fjölmiðla. Kenning Luru Mulvey um hið *karllæga augnaráð* og hvernig ímynd konunnar hefur verið mótuð af karllægu augnaráði og hún verður í kjölfarið samkvæmt hefðinni sýningargripur og þjónar því hlutverki að hafa kynörvandi áhrif. *Cultivation Theory* sett fram af George Gerbner er kynnt til sögunnar þar sem aukið

áhorf og sífelldar endurtekningar í fjölmiðlum gera það að verkum að áhorfandinn telur að það sem er fram sé endurspeglun á raunverulegu samfélagi. *Double Bind* er svo hugtak þar sem varpað er ljósi á hvernig konur fá fleiri en ein skilaboð um hvernig þær eiga að haga sér. Bregðist þær við einum þá ógildast hin sem gerir það að verkum að þær geta aldrei tekið rétta ákvörðun, sama hvað gert er.

Sjöundi kafli fjallar um aðferðafræði rannsóknarinnar og áttundi kafli reifar helstu niðurstöður fengnar úr viðtölum við viðmælendur eftir þemagreiningu og tengingu við þær kenningar sem notaðar eru.

3. Fjölmiðlar og hlutverk þeirra

Hvað er fjölmiðill?

Í dag er ekki hlaupið að því að skilgreina hvað er fjölmiðill. Í hringiðu tækniþróunar og internetsins er landslag í miðlun gjörbreytt frá því sem var fyrir hartnær tveimur áratugum. Erfitt getur verið fyrir almenning að átta sig á hvað sé áreiðanlegur fjölmiðill og hvað ekki, þar sem hver sem er getur stofnað heimasíðu og kallað fréttaveitu. Mikilvægt er að almenningur viðhaldi gagnrýninni hugsun við upplýsingaöflun og átti sig á hverjir það séu sem ástunda fagleg og góð vinnubrögð við fréttamiðlun til þess að gefa raunsanna og skýra mynd af því samfélagi sem við búum í.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar frá árinu 2005 er fjölmiðill skilgreindur sem lögaðili, fyrirtæki eða stofnun sem metur og safnar upplýsingum reglulega til þess að dreifa þeim til fólks á tilteknu svæði. Fjölmiðlar nota ólíkar leiðir til að dreifa efni sínu og upplýsingum sem þeir safna. Þeir notast við ljósvaka, internetið, útvarp og prentuð dagblöð og tímarit. Í lýðræðissamfélögum samtímans gegna fjölmiðlar mikilvægu hlutverki sem upplýsingalind almennings og með fjölbreyttu úrvali af fjölmiðlum er líklegra að fjölbreytt sjónarhorn og ólíkar skoðanir komi fram. Slíkt eflir lýðræðislega umræðu. Einnig er það hlutverk fjölmiða að veita áhrifastofnunum og stjórnvöldum ákveðið aðhald og sjá til þess að menningarleg fjölbreytni fái að blómstra (Nefnd menntamálaráðherra um Íslenska fjölmiðla, 2005).

Áhrif fjölmiðla

Fjölmiðlar gegna stóru hlutverki í samfélagi okkar hverju sinni. Þeir hafa áhrif á menningu okkar, kauphegðun og stjórn málin en einnig á skoðanir, smekk, áhuga og hegðun (Biagi, 2012). Svo mikil eru áhrif fjölmiðla talin að oft er talað um þá sem fjórða valdið í lýðræðissamfélögum, á eftir framkvæmda-, löggjafar- og dómsvaldi. Ábyrgð þeirra er mikil þar sem þeir sem fjölmiðlinum stjórna ráða því hvað ber fyrir augu og eyru borgaranna hverju sinni og móta þar með hugmyndir og skoðanir þeirra á mönnum og málefnum (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007).

Áhrif fjölmiðla liggja einnig í því að þeir leggja línurnar að viðhorfi og hegðun áhorfenda. Þær myndir sem miðlar draga upp gefa í skyn hvað eru ásættanleg viðhorf og hegðun og hvað er vinsælt eða utan meginstraumsins. Þeir þjóna einnig sem varðhundur gagnvart pólitískum öflum og færa þegnum og borgurum fregnir af því ef ríkisvaldið sýnir af sér óviðunandi hegðun. Slíkt er borgurunum mikilvægt til að átta sig á hvenær ríkisvaldið er að misnota vald sitt eða sannanlega vinna í þágu almennings (Graber & Dunaway, 2015). Þannig geta upplýstir borgarar í lýðræðissamfélagi mótað skoðanir sínar á ríkisvaldinu og annað hvort verðlaunað sitjandi ríkisstjórn með því að kjósa hana aftur eða refsa með því að kjósa eitthvað annað.

Með auknu aðgengi í gegnum internetið er hættu á að misvísandi og rangar upplýsingar berist til almennings. Með aukinni tækni sníða samfélagsmiðlar og leitarvélur upplýsingar og leitarniðurstöður eftir áhugasviði hvers notanda. Slíkt hefur þær afleiðingar að einstaklingar, þrátt fyrir að búa við svipaðar aðstæður og í sama umhverfi, geta hlotið mjög ólíka sýn á það samfélag sem þeir búa í. Þar sem almenningur vill orðið síður greiða fyrir aðgang að fréttum og fréttaveitum vex stórum alþjóðlegum samskipta- og afþreyingarmiðlum ásmegin og draga þá athygli almennings frá innlendum fréttamiðlum. Slíkt hefur í för með sér að miðlar sem eru síður áreiðanlegir gefa almenningi ranga eða skakka mynd af samfélaginu. Aldrei hefur verið jafn mikilvægt og nú að hafa fjölbreytta fjölmiðla sem hafa fagleg vinnubrögð að leiðarljósi til þess að sporna við þessari þróun (Elfa Ýr Gylfadóttir, 2015).

4. Staðalmyndir kynjanna

Þá tvíhyggjuhugmynd að karlar og konur hafi ólíkt eðli má rekja til Grikklands til forna, en hún er enn við lýði í dag. Rökhugsun og skynsemi ásamt stærri heila voru eignuð karlmönnum en konur áttu að hafa stjórnast frekar af tilfinningum en skynsemi. Einnig

var heili þeirra talinn vanþroska og ekki til mikils megnugur og þær frekar tengdar líkama og móðurlífi en sál og anda. Heimilishald og barnauppeldi var talið sniðið að þeirri eðlislægu umhyggjuhvöt sem konur voru taldar búa yfir en rökvísi karlmanna gerði það að verkum að þeir voru taldir hæfari til þess að stjórna (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000).

Kynbundin félagsmótun

Kynbundin félagsmótun hefst strax við fæðingu og jafnvel fyrr. Piltum og stúlkum er kennt hvað telst ásættanleg hegðun með tilliti til kyns þeirra, sem mótar þau til framtíðar og til ólíkra verka (Arnfríður Aðalsteinsdóttir, 2014). Karlmönnum er oftast en ekki lýst sem aðgangshörðum, ýtnum, sjálfstæðum og afgerandi í samskiptum meðan konum er lýst sem hlýlegum, hjálpsömum, samúðarfullum og með tilhneigingu til að hafa áhyggjur af öðrum (Heilman, 2001). Neikvæðir eiginleikar sem tengdir eru við karla eru hroki, áhættuhegðun, harka og óbilgirni. Konum og eiginleikum þeirra er lýst bæði með jákvæðum og neikvæðum hætti. Jákvæðu þættirnir tengjast sköpunargáfu, samvinnu, mýkt, umhyggju, samvinnu og hæfileikanum til þess að tjá sig. Þeir neikvæðu snúa að veikleikum, skorti á rökvísi og skynsemi, undirgefni, valdleysi og veikleika. Það má hins vegar benda á að þessir kostir og ókostir búa í flestum mannskepnunum, óháð kyni (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, & Kristín Jónsdóttir, 2010). Þessar ímyndir af körlum og konum eru ekki bara ólíkar, heldur draga upp þá mynd að annað kynið skorti þau einkenni sem eru ríkjandi hjá hinu. Alhæft er um eiginleika kynjanna og þeim stillt upp sem andstæðum (Heilman, 2001).

Það var ekki fyrr en á sjötta og sjöunda áratug liðinnar aldar sem femínistar höfnuðu með róttækum hætti öllum hugmyndum um „eðli“ kynjanna og einblíndu frekar á félags- og menningarbundna kynjamótun. Þeir sem tala fyrir mótunarhyggju halda því fram að kynjamunur sé ekki eðlislægt fyrirbæri heldur fyrst og fremst félagslegt sköpunarverk, eitthvað sem hefur verið skapað af manningum og sé haldið við í samfélagi við annað fólk. Fólk er fætt kvenkyns eða karlkyns en það er samfélagið sem gerir það að karli eða konu (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000).

Þrátt fyrir að verkaskiptingin hafi breyst með tímanum þá eimir ennþá eftir af því að konur eigi að sinna einkasviðinu, sem er heimili og barnauppeldi, og karlmenn sjái um opinbera sviðið; atvinnulífið og stjórnmál. Þessar hugmyndir um æskilega hlutverkaskiptingu karla og kvenna má finna um heim allan, en þær eru breytilegar milli samfélaga og tímabila. Þar sem oft og tíðum er litið frekar á konur sem húsmæður og

uppalendur dregur það úr möguleikum þeirra á farsælum starfsframa og sókn þeirra eftir ábyrgðarstöðum (Folbre, 1994). Það gerir aftur að verkum að þær eru oft háðar maka sínum hvað varðar innkomu og líklegri til að eiga erfitt með að ná endum saman í kjölfar skilnaðar og lenda þannig í fátæktargildrum (Weitzman, 1985). Ef til skilnaðar kemur fylgja börnin einnig oft en ekki mæðrum sínum, þó það sé ekki algilt. Þá hefur konan minni möguleika á að vinna lengri vinnudaga og þiggja aukavinnu, standi hún til boða, og þannig skerðist möguleiki hennar á að bæta ofan á launin.

Kynbundinn launamunur og fæðingarorlof

Þrátt fyrir breytta tíma og viðhorf gagnvart konum á síðustu áratugum eru rötgrónar hugmyndir um konuna sem móður og húsmóður enn töluvert sterkar. Ísland státar af því að tróna á toppnum hvað varðar kynjajafnrétti, en hvergi í heiminum fyrirfinnst viðlík þátttaka kvenna á atvinnumarkaði og talið er að launamunur sé hvað minnstur hérlendis (World Economic Forum, 2015). Þrátt fyrir það er ennþá töluverður óútskýrður launamunur milli karla og kvenna og frá með 2009 hefur hann haldist í um 10% (Morgunblaðið, 2016) og hefur farið hæst í 17% (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, & Kristín Jónsdóttir, 2010). Er það oft og tíðum mat stjórnenda og atvinnurekenda að konur séu óáreiðanlegra vinnuafl en karlar þar sem þær þurfi mun frekar að sinna börnum og heimili, geti því síður unnið yfirvinnu og séu frekar fjarverandi frá vinnu. Það er því ljóst að viðhorfið stjórnast af mismunandi stöðu kynjanna gagnvart fjölskyldulífi og heimili (Jafnréttisstofa, án dags.a). Með aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum hefur hugmyndin um karlmanninn sem fyrirvinnu heimilisins farið dvínandi og farið er að líta svo á að það sé skylda bæði karla og kvenna að draga björg í bú. En þar sem kynbundinn launamunur er enn til staðar er óhjákvæmilega litið á vinnuframlag kvenna utan heimilis sem lakara og þar af leiðandi eigi þær frekar að axla ábyrgð á barnauppleði og heimilisstörfum (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009).

Í 8. gr. 1. mgr. laga um fæðingarorlof nr. 55 frá árinu 2000 segir að báðir foreldrar eigi rétt á töku fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði og eigi þar að auki þrjá mánuði sameiginlega sem þeir geti ráðstafað sín á milli.¹ Ætla mætti að konur og karlar myndu þá taka fæðingarorlof til jafns, en staðreyndin er sú að konur nýta þennan sameiginlega rétt

¹ Lög um fæðingarorlof nr. 55/2000

mun meira en karlmenn og búa þar með lengur við skert laun á því tímabili (Jafnréttisstofa, án dags.b). Í erindi nr. 142/196 árið 2013 til Alþingis frá Reykjavíkurborg um börn ári fyrr á leikskóla segir orðrätt: *Breytingin gæti þó haft jákvæð áhrif fyrir foreldra og jafnvel gert foreldrum og þá sérstaklega mæðrum auðveldara að fara fyrr út á vinnumarkaðinn eftir fæðingarorlof* (Reykjavíkurborg, 2013). Þarna er sérstaklega tekið fram að sú aðgerð að bjóða upp á dagvistun fyrir eins árs börn sé hugsuð til að mæðurnar komist fyrr út á vinnumarkaðinn, en ekki endilega feðurnir. Það er sérstakt að sjá það nánast viðurkennt í opinberu skjali að konur séu lengur heima með börnum og sérstakar aðgerðir sem lagðar séu til miði sérstaklega að þeim. Ekki foreldrunum saman, heldur mæðrum.

Auk þess eru ekki starfandi dagforeldrar í öllum sveitarfélögum og ekki er boðið upp á eins árs deildir á öllum leikskólum, sem gerir það að verkum að launalægri aðilinn, sem er oftast en ekki konan, er mun lengur í fæðingarorlofi en þrjá til sex mánuði og safnar sér þar af leiðandi minni lífeyrisréttindum en hinn aðilinn. Þannig birtist launamunurinn ekki bara í greiðslu launa, heldur einnig í úttekt lífeyrisréttinda síðar meir.

Árið 2011 fór Katrín Jakobsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, í fæðingarorlof og samkvæmt lögfræðialiti sem hún lét gera fyrir sig gat hún ekki gengið að ráðherrastól sínum vísunum að loknu orlofi. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstri Grænna, hafði einnig verið í fæðingarorlofi en missti stöðu sína sem þingflokksformaður vegna þess (Helga Arnardóttir, 2011). Katrín sagði sjálf að hún hefði verið margspurð hvort hún væri að hætta í stjórn málum þar sem hún ákvað að taka sér fæðingarorlof og nafna hennar Katrín Júlíusdóttir, sem fór seinna í orlof hafði áhyggjur af því að slík ákvarðanatataka myndi hafa neikvæð áhrif á stjórn málaferil hennar. En það er ekki bara neikvætt að taka fæðingarorlof, heldur er líka neikvætt að snúa snemma til vinnu eftir barnsburð. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra greindi frá neikvæðum viðhorfum sem hún mætti þegar hún snéri til vinnu fljótlega eftir að hún ól barn (Kristín Sigurðardóttir, 2017). Þarna standa konur frammi fyrir þessari tvöföldu hindrun, þar sem er sama hvernig þær bregðast við kröfunum sem til þeirra eru gerðar - þær munu ekki koma vel undan þeirri ákvörðun. Það er við hæfi að vitna í Eygló Harðardóttur, fyrrverandi félagsmálaráðherra:

Ég held að við eigum ennþá mjög erfitt með að höndla það þegar kona fer með vald. Það virðist stuða. Við sjáum það oft á viðbrögum [sic] við því þegar kona tjáir sig eða þegar kona stendur föst á sínu, og ég hef upplifað það, þá virðast það oft fá mun harkalegru viðbrögð frá ýmsum í samfélaginu (Kristín Sigurðardóttir, 2017).

Þann 12. október 2016 mætti Unnur Brá Konráðsdóttir með sex vikna gamla dóttur sína á brjósti í ræðustól Alþingis. Verið var að greiða atkvæði um lög um útlendinga (Hulda Hólmkelsdóttir, 2016), en Unnur Brá hafði setið í nefndinni sem lagði drög að því frumvarpi (Innanríkisráðuneytið, 2015). Þótti henni ekki annað viðeigandi en að gera grein fyrir atkvæði sínu, þrátt fyrir að vera í fæðingarorlofi. Það vakti athygli mína þegar leitað var eftir fréttum um efnið að sjaldan sem aldrei var gerð grein fyrir því hvernig Unnur kom að frumvarpinu eða tíundað hvernig atkvæði hennar féll, heldur snérust allar fréttir um þá nýlundu að hvítvoðungur hefði legið á brjósti þingkonunnar í ræðustól Alþingis.

Einnig hafði Unnur Brá ekki fengið brautargengi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í september 2016, en hún sagði sjálf í viðtali að hún hefði ekki beitt sér nóg á lokametrum baráttunnar þar sem hún hefði verið önnum kafin við að ala barn og koma því á brjóst. Hún sagðist reyndar ekki upplifa að slæmt gengi væri því um að kenna að hún væri kona (Kristín Þóra Ásgeirsdóttir, 2016). Þó er fólgin ákveðin þversögn í þeirri fullyrðingu þar sem hún gaf í skyn að hún hefði haft betri tíma til að sinna prófkjörinu ef hún hefði ekki verið í þeirri aðstöðu að vera að ala barn á sama tíma. Þar sem konur eru jú kynið sem gengur með og fæðir börn er ljóst að hluti skýringarinnar á slæmu gengi liggur einmitt í því að hún er kona.

Þrátt fyrir að Ísland tróni á toppnum hvað varðar jafnrétti kynjanna þá virðist sem slíkt sé helst í orði en ekki alveg á borði. Það virðist talið að jafnrétti sé gott ef konur mega gera hvað sem er, hvenær sem er til jafns við karlmenn. Hins vegar eru mun fleiri ósýnilegar hindranir á vegi kvenna sem gera það að verkum að þær eiga ekki eins auðvelt með að standa jafnfætis karlmonnum. Þessar hindranir felast í hinum þrálátu hugmyndum um konur sem húsmæður og mæður, í óútskýrða kynbundna launamuninum og ójafnvægi í töku fæðingarorlofs.

5. Sýnileiki kvenlíkamans

Kvenlíkaminn hefur verið sýnilegri en karllíkaminn frá örófi alda og hefur ætíð verið undir meiri pressu hvað varðar útlit og staðla. Við verðum áþreifanlega meira vör við auglýsingar með tölvuunnum myndum af kvenlíkamanum en karllíkamanum í tengslum við auglýsingar á vörum og þjónustu, og konur upplifa að þær verði að laga sig að stöðlum sem er nánast ómögulegt að uppfylla.

Alsæið

Hugmyndir Michel Foucault um vöktun og eftirlit sem borgararnir hafa hver með öðrum, hvað varðar athafnir þeirra og hugmyndir, eru sóttar í hönnun Jeremy Bentham á fangelsinu Alsæisbyggingunni (*e. Panopticon*). Hún er hringlaga með gegnsæjum klefum á jaðrinum og í miðið rís varðturn þar sem fangaverðir sitja og geta fylgst með öllu sem fram fer í klefunum. Verðirnir sjá inn í klefana, en fangarnir sjá ekki inn í turninn og vita þar af leiðandi ekki hvenær er verið að fylgjast með þeim. Fangelsi þetta er einhvers konar byggingarleg mynd af auga þar sem sjónin er algjört valdataeki. Ögunargildi byggingarinnar felst einkum í því að hönnunin gerir það að verkum að fangaverðirnir sjá fangana, en ekki öfugt. Fangarnir færa því smám saman fangavörðinn inn í huga sér og fara að beita sig því valdi sem hann hefur og þannig hefur hann algjört eftirlit með hegðun þeirra, tilfinningum og hugsunum. Það gildir þá einu hvort fangavörðurinn er í turninum eða ekki, enda hlutverk hans komið inn í huga fanganna. Foucault benti á hvernig vald færðist frá því að vera lóðrétt frá valdhöfum á borð við konunga, þar sem líkamlegum refsingum var beitt til þess að halda almúganum frá því að efast um valdhafann, í það að vera lárétt og dreifa sér eins og net um samfélagið og verða þá í höndum stofnana og borgaran (Foucault, 2005).

Stofnanir á borð við skóla, sjúkrahús og herinn eru hluti af þessari valdatilfærslu og þær aga líkama okkar, sem eru undir stöðugu eftirliti annarra. Þannig verður til dæmis nemandinn í skólastofunni að sitja kyrr, beinn í baki, athugull og sýna kennaranum virðingu. Hann veit að refsing liggur við því að fylgja ekki þessum fyrirmælum. Hann er ekki bara undir augnaráði kennara, heldur líka samnemanda og líkaminn verður undirgefinn þessu ósýnilega valdi (Bartky S. L., 1998).

Alsæisbyggingin var aldrei reist, en hugmyndin um hana rímar vel við þær kenningar sem Foucault setti fram um tilfærslu valds. Með tilfærslunni verður til einhvers konar vöktun sem borgararnir taka að sér og hefur áhrif á hegðun þeirra og athafnir sem

stýrast af ákveðnu regluveldi sem er í kringum þá og mótar til dæmis klæðaburð og framkomu. Ögunin sem þeir beita sjálfa sig og aðra verður þannig hluti af sjálfsvöktuninni (Bartky S. L., 1990).

Með þessari vöktun borgaranna þar sem þeir hafa fært valdið inn í höfuðið á sér, viðhöldum við ákveðnum stöðlum og hugmyndum, til dæmis um líkama okkar og hvernig konur upplifa að þær verði að temja líkama sinn með því að grenna hann, móta og laga að því sem þykir eftirsóknarvert hverju sinni. Flestar þessar hugmyndir verða einmitt til í fjölmiðlum þaðan sem dynja á konum „leiðbeiningar“ um hvernig eigi að líta út og hvernig skuli farið að því. Auglýsingar um snyrtivörur og lýtaaðgerðir, megrun og megrunarráð miða að því að láta konuna upplifa sig sem ófullkomna og að til þess að öðlast samfélagslega samþykkt og möguleika á frama, verði hún að laga sig að þessum normum (Chrisler, Malkin, & Wornian, 1999).

Í rannsókn sem var gerð í UCLA á níunda áratugnum voru 260 nemendur spurðir að því hver þeirra versti ótti væri og svöruðu 27,3% kvennanna að það væri að vera of feit. Einungis 5,8% karlmanna svöruðu á þá sömu leið. Konur verða fangar í eigin líkama og reyna eftir fremsta megni að aðlaga hann að þeim gildum sem eru til staðar í samfélaginu hverju sinni, enda hvílir daglega á þeim augnaráð annarra sem eru tilbúnir að dæma þær og setja í flokka. Einnig er konum tamt að reyna að taka sem minnst líkamlegt pláss, þær krossleggja hendur og fætur og verða hoknar í þeim tilgangi að sýnast minni meðan karlmenn breiða meira úr sér með því að sitja gleitt og breiða úr handleggjum. Kona sem tekur upp á því að bera líkama sinn eins og karlmaður verður dæmd karlmannleg, sem er ekki eftirsóttur eiginleiki í fari kvenna.

Kona sem fellur ekki undir hugmyndirnar um hvernig kona á að líta út, til dæmis með því að vera feit, er ekki talin sinna sjálfri sér. Hún gæti farið í ræktina, grennt sig, borðað hollari mat og farðað sig meira til þess að falla undir skilgreiningu samfélagsins á því hvað er falleg kona og hvað ekki. Með þessari félagsmótun upplifa konur sig þvingaðar til að stjórna af utanaðkomandi öflum í samfélaginu og kvenlíkaminn verður undirgefnari og auðsveipari (*e. docile*) (Bartky S. L., 1990).

Áhrif á konur

Miðað við hina miklu baráttu femínískra hreyfinga fyrir réttindum kvenna mætti ætla að slakað hefði verið á þeim útlitslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra. Því fer þó fjarri og rannsóknir sýna að ef eitthvað er hafa þær orðið verri. Frá árinu 1978 hefur meðalþyngd

kvenna sem hafa keppt um titilinn Ungfrú Ameríka minnkað jafnt og þétt um leið og meðal hæð hefur aukist. Staðlar krefjast þess að konur séu óþægilega grannar en um leið þrýstnar og með vöðvamassa. Slíku útliti er varla hægt að ná nema kona eyði óheyrilegum peningum í lýtaaðgerðir, heilmiklum tíma í líkamsrækt og andlegum styrk í viðvarandi megrun (Weitz, 1998).

Í Rannsókn Karenar Ross, prófessors í fjölmiðlafræðum við Háskólann í Conventry í Englandi frá árinu 2003, fjallar hún um birtingamynd stjórnmalakvenna í fjölmiðlum. Rannsóknin er byggð á fjölda viðtala við konur hvaðanæva úr heiminum og varpar ljósi á hvernig konur í stjórnmalum upplifa framgöngu og umfjöllun fjölmiðla í garð þeirra. Þrátt fyrir að allmörgum konum í rannsókninni gramdist hvernig kastljósið beindist að stórum hluta til að útliti þeirra og einkamálum, voru ekki allar konur ósáttar við það. Einn viðmælandinn var sérstaklega ánægð með að fjölmiðlar fjölluðu um hversu vel til höfð hún væri, með góðan smekk og liti vel út af 52. ára gamalli ömmu að vera. Sagði hún að með því að leggja svo mikið upp úr útlitinu væri hún góð fyrirmynd fyrir aðrar konur á sínu þingi svo og fyrir aðrar konur sem hugðust leita frama í stjórnmalum. Með þessu væri hún að sýna fram á að það væri hægt að vera á þingi, líta vel út og eiga fjölskyldu (Ross, 2003).

6. Konur í fjölmiðlum

Hlutfall íslenskra kvenna sem viðmælendur fjölmiðla

Samkvæmt 26. gr. 2. mgr. Lögum um fjölmiðla nr. 38 frá árinu 2011 er fjölmiðlaveitum gert að halda í heiðri lýðræðislegum grundvallarreglum og standa vörð um tjáningarfrelsið. Einnig skal virða jafnrétti og krafa er gerð um nákvæmni og hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni. Einnig er þeim gert að gæta þess að mismunandi sjónarmið karla og kvenna skuli koma jafnt fram.²

Þrátt fyrir að íslensk lög um fjölmiðla séu skýr þess efnis, að fjölmiðlum beri skylda til að gæta þess að sjónarmið karla og kvenna komi jafnt fram, þá er ljóst að konur bera þar skarðan hlut frá borði. Á ráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna í Peking árið 1995 var lögð áhersla á að fjölmiðlarannsóknir væru mikilvægur þáttur í að breyta stöðu jafnréttismála til hins betra og að þátttöku og aðgengi kvenna að og í fjölmiðlum skyldi auka. Auk þess

² Lög um fjölmiðla nr. 38/2011

væri mikilvægt að raunhæf mynd væri gefin af konum í fjölmiðlum (United Nations, 1995). Í kjölfarið hófst verkefnið The Global Media Monitoring Project (GMMP) sem hefur staðið yfir í 22 ár, og er sú rannsókn sem er hvað umsvifamest og hefur staðið lengst allra rannsókna á fjölmiðlum og kynjahlutfalli (Valgerður Jóhannsdóttir, 2015).

Í fyrstu skýrslu GMMP sem birtist kom í ljós að aðeins um 17% kvenna voru viðmælendur eða umfjöllunarefni fjölmiðla, en rannsóknin náði til 71 landa. Ísland tók í fyrsta sinn þátt í rannsókninni árið 2010 og þá kom í ljós að í aðeins 28% tilvika voru konur viðmælendur eða umfjöllunarefni í fjölmiðlum en karlar voru með 72% hlutdeild. Árið 2015 hafði hlutfallið versnað til muna, en þá voru konur sem viðmælendur eða sem umfjöllunarefni á prenti, sjónvarpi eða útvarpi ekki nema 18%. Á netmiðlum var hlutfallið 21%. Í sömu skýrslu kom í ljós að þegar viðmælendur voru valdir vegna stjórnmálaumfjöllunar voru konur ekki nema 35% viðmælenda en karlmenn 65%. Þegar efnahagsmál bar á góma var hlutfall kvenna ekki nema 16% en karla 84% (Valgerður Jóhannsdóttir, 2015).

Dr. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur segir að það sé rík vinnu hefð hjá íslenskum fjölmiðlum að sækja á toppinn. Leitað sé beint í ráðherra ef fjalla á um tiltekin málefni, en ekki endilega til þess sem hefur raunverulega með málið að gera. Þessi tilhneiging fjölmiðlafólks stuðlar enn frekar að mismunun kynjanna sem viðmælenda vegna þess að yfirleitt eru það karlmenn sem gegna æðstu embættunum. Hilmar Thor Bjarnason fjölmiðlafræðingur sagði einnig að hið svokallaða 30/70 hlutfall birtist ítrekað, en það felur í sér að hlutfall kvenna sem viðmælenda fer sjaldnast yfir 30% og hlutfall karla sjaldnast undir 70% (Morgunblaðið, 2010).

Fjölmiðlar gegna mikilvægu félagsmótunarhlutverki og því mikilvægt að þeir átti sig á því ábyrgðarhlutverki. Þar sem hlutur kvenna í fjölmiðlum er rýr getur það leitt til þess að ungar stúlkur fái á mótunarárum sínum þá mynd af þjóðfélaginu að konur séu ósýnilegar, þar sem að stórum hluta birtist þeim mynd af karlmönnum. Afleiðingarnar geta verið þær að stúlkur eigi erfiðara með að finna sér fyrirmyndir (Una María Óskarsdóttir, 2002). Albert Brandura setti fram kenninguna um félagslegt nám (*e. The Social Learning Theory*), en það er nám sem getur átt sér stað með svokölluðu herminámi og fer þannig fram að einstaklingur ákveður að líkja eftir einhverri fyrirmynd sem hann tekur eftir (Brandura, 1971). Vegna þess að fjölmiðlar ná augum og eyrum almennings daglega er ábyrgð þeirra mikil. Helmingur þjóðarinnar er konur og því þeirra réttur að fjallað sé um þær, rétt eins og karla. Með aukinni fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmálakonur

verða þær sýnilegri og líklegri til að verða fyrirmynd ungra stúlkna og hvatning fyrir þær að sækja í þetta starf síðar meir og fjölga þar með konum í stjórnmálum (Una María Óskarsdóttir, 2002).

Birtingamynd kvenna í fjölmiðlum

Árið 1975 kynnti kvikmyndarýnirinn Laura Mulvey hugtakið „hið karllæga augnaráð“ (*e. male gaze*) í grein sinni *Visual Pleasure and Narrative Cinema*. Þar heldur Mulvey því fram að í veröld þar sem kynferðislegt ójafnvægi ríki hafi glápnautninni verið skipt í virkni/karlkyn og óvirkni/kvenkyn. Ímynd konunnar mótist af hinu ráðandi karllæga augnaráði sem varpi órum sínum á ímynd konunnar. Konan verði samkvæmt hefðinni sýningargripur og ásýnd hennar sé gerð táknræn til að hafa sterk kynörvandi áhrif svo jafnframt megi meta hana í ljósi áhorfanleika hennar (Mulvey, 1989).

Konur hafa alltaf verið hlutgerðar í fjölmiðlum og dregin upp sú mynd að þær séu hlutir sem hægt er að eignast; verðlaunagripir og leiktæki fyrir karlmenn. Einnig er búin til ímynd fegurðar sem konur bera sig saman við og karlmenn bera við eiginkonur sínar. Þó er það svo að þegar konur horfa á þá mynd sem fjölmiðlar birta af konum og óska þess að þær skarti svo þvengmjóu mitti, sléttri og felldri húð og rýrum lærum, þá gleyma þær því að þessi „fegurð“ er ekki raunveruleg. Hún er sköpuð af sérfræðingum sem móta og laga myndirnar í þeim tilgangi að breyta útlitinu og örva löngun neytenda. Þessi blekking rennur svo tiltölulega gagnrýnislaust í gegnum fjölmiðla og gerir það að verkum að konur leiðast smám saman út í niðurrífandi samanburð á þessum ímyndum sem eru skapaðar (Berberick, 2010).

Hvers konar auglýsingar, kvikmyndir og tímarit sem beina sjónum sínum að konum sem markhóp nota einatt mjög grannar og „fallegar“ konur, bæði módel og leikkonur, til að selja ungum konum hugmyndina um ákveðið útlit og varning (Hendriks & Burgoon, 2003). Með þessu gefa fjölmiðlar tóninn um hvernig kona skuli líta út og konur leita í fjölmiðla til að átta sig á hvaða útlit sé í tísku hverju sinni. Þetta gerir það að verkum að konur sem skoða mikið af þessum auglýsingum og bera sig mikið saman við fyrirsætur og leikkonur þróa með sér þann hugsunarhátt að grannur líkami sé samfélagslega eftirsóttari. Þær upplifa oft en ekki óánægju með sinn eigin líkama og leiðast frekar út í að megra sig og kaupa lýtaaðgerðir til að ná þessu eftirsótta útliti sem er kynnt fyrir þeim í gegnum miðlana (Kinnaly & Van Vonderen, 2012).

Með auknu aðgengi að rituðu máli og myndefni í gegnum tölvur, síma og snjallsjónvörp er hægt að nálgast hvað sem er, hvenær sem er. Hvort sem um ræðir náttúrulífsmyndir, klám eða kvikmyndir. Þessir miðlar hafa löngum gefið, og halda áfram að gefa, þannig mynd af konum að erfitt er fyrir kynsystur þeirra sem neytendur að átta sig á að þessi mynd er blekking og hefur ekkert með það að gera hvernig venjulegar konur lifa og háttu lífi sínu (Byerly & Ross, 2006).

George Gerbner setti fyrst fram ræktunarkenninguna (e. *cultivation theory*) en hann heldur því fram að eftir því sem fólk eyði meiri tíma fyrir framan sjónvarpið sé það líklegra til að halda að það sem það horfir á sé endurspeglun á raunverulegu samfélagi. Fjölmiðlar og áhrif þeirra hafa hlaðist hægt og rólega upp með auknu áhorfi og sífelldum endurtekningum (Gerbner, 1998). Hins vegar er ekki alfarið hægt að skýra hugmyndir karla og kvenna um hvernig kvenlíkaminn á að líta út með ræktunarkenningunni, en hún ýtir svo sannarlega undir þær. Því meira sem konur gefa gaum að myndum af hinni grönnu konu er líklegra að sú ímynd verði hlaðin jákvæðni. Að sama skapi er líklegt að konur upplifi mikilvægi þess að viðhalda líkama sínum grönnum þegar neikvæð mynd er dregin upp af feitum konum. Þetta gerir það að verkum að ýtt er undir þær hugmyndir að gott sé að vera grannur en vont að vera feitur (Kinnaly & Van Vonderen, 2012).

Fjölmiðlar varpa því ekki raunverulegri mynd á konur, heldur miða að því að þjóna hinu karllæga augnaráði um leið og sjálfsmýnd kvenna er rifin niður og enn bætt á hlekkina sem hlaðið er á þær sem fanga í eigin líkama. Það er sorglegt að ekki sé beint frekar sjónum að afrekum kvenna og þeirri vigt sem þær gefa samfélaginu sem skynsemisverur og jafningjar karlmanna. Í rannsókn sinni lýsir Karen Ross svokölluðum *Bridget Jones* áhrifum. Rannsóknin er byggð á fjölda viðtala við konur í stjórnámálum í Ástralíu, Englandi, Suður-Afríku og Norður-Írlandi og voru viðmælendur almennt sammála að fjölmiðlar hefðu meiri áhuga á kynjahlutverkum þeirra utan vinnustaðarins; hvar þær versluðu, hverju þær klæddust og hvernig þær höguðu heimilishaldi. Flestar þessara kvenna upplifðu að fjölmiðlar hefðu meiri áhuga á fjalla um ytra útlit þeirra og lífsstíl heldur en það sem þær höfðu að segja um vinnuna, og að slík umfjöllun fengi meira pláss í fjölmiðlum. Einnig kom fram að langoftast komu aldur þeirra og hjúskaparstaða fram í slíkum umfjöllunum, áberandi oftar en í umfjöllun um karlkyns samstarfsfélaga þeirra (Ross, 2003).

Katrín Jakobsdóttir, þingkona og formaður Vinstri Grænna, hefur verið áberandi við störf sín í stjórnámum og í fjölmiðlum. Þann 18. febrúar 2013 var Katrín kölluð *gluggaskraut* í leiðara Morgunblaðsins og er talið að ritstjóri þess og fyrrum forsætisráðherra, Davíð Oddson, hafi ritað leiðarann. Gefið var í skyn að formannsskiptin innan Vinstri Grænna væru lítt gæfuleg og ýjað að því að Katrín væri meira fyrir augað en lítt til stórræða innan stjórnmalanna (Morgunblaðið, 2013). Þetta er ekki í eina skiptið sem kastljósið hefur beinst að útliti Katrínar, en í sjónvarpsþættinum *Kryddsíldin* á gamlársgag 2016 voru formenn flokka samankomnir í árlegt spjall þar sem farið er yfir liðið ár í stjórnmalum á Íslandi. Þáttastjórnandinn Logi Bergmann Eiðsson brá á þann leik að biðja formenn um að finna eitthvað gott í fari hvers annars og hrósa fyrir það. Karlmennirnir hrósuðu hver öðrum fyrir mannkosti á borð við gáfnafar, samskiptahæfni og annað sem viðkom persónuleika þeirra. Katrín var eina konan við borðið og eini gesturinn sem fékk hrós fyrir að líta sérlega vel út þann daginn. Þetta var eina hrósið sem borið var á hana (Stundin, 2017). Í viðtali við DV lét Gunnlaugur Davíðsson, faðir Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, þau orð falla að Katrín væri bara *sæt og prúð* og vísaði þar til átaka sem geisuðu á þingi um Sigmund Davíð (Ágúst Borgþór Sverrisson, 2016). Það er því greinilegt að þegar kona á borð við Katrínu Jakobsdóttir lætur til sín taka er gripið til þess að smætta hana niður í útlit hennar og kvenlegt atgervi.

Vert er að nefna að í þessum þremur dæmum hér að ofan er aldrei minnst á hæfni Katrínar sem þingkonu.

Siv Friðleifsdóttir rifjaði upp árið 2000, á ráðstefnu Kvenréttindafélags Íslands um kynjaveröld kynjanna, nokkur dæmi um ummæli sem fallið hefðu um hana sjálfa í fjölmiðlum. Var hún meðal annars kölluð *hin fagra* í DV þann 15. maí sama ár þar sem tíunduð voru úrslit varaformannskjörs Framsóknarflokksins. Tveimur dögum seinna var hún í sama blaði kölluð *sykursæt* og sagt að hún léti illa að stjórn Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi formanns flokksins. Fleiri lýsingar sem Siv hafði séð á sér voru til dæmis: *hin unga, glæsilega, ferska meðvitaða kona*, og síðast en ekki síst *hið álitlega Adamsrif*. Benti Siv á hversu einkennilegar þessar lýsingar á henni væru með því að heimfæra þær á karlkyns samstarfsfélaga sína og spurði áheyrendur hvernig þeim þætti að lesa setningar á borð við: *Hinn fagri Guðmundur Árni Stefánsson, hinn ungi glæsilegi Ísólfur Gylfi*

Pálmason, hið álitlega Adamsrif Árni Mathiesen og hinn ungi ferski meðvitaði Lúðvík Bergvinsson (Morgunblaðið, 2010).

Konur í stjórnámálum og fjölmiðlar

Það er ekki aðeins að konur í stjórnámálum fái minni tíma eða athygli í fjölmiðlum þegar kemur að því að fjalla um starfsvettvang þeirra, heldur standa þær frammi fyrir annarri og erfiðari hindrun. Tvöföld hindrun (e. *double bind*) er hugtak í samskiptum þar sem einstaklingur eða hópur fær tvenn eða fleiri skilaboð í ákveðnum aðstæðum og önnur eða ein skilaboðin ógilda hin. Ef sá sem fær skilaboðin bregst við öðrum þeirra er ljóst að hann getur ekki brugðist við hinum og öfugt. Þar með skiptir ekki máli hvaða skilaboðum einstaklingurinn hlítir í aðstæðunum, hann mun koma illa út úr þeirri ákvörðun sem hann tekur (Bateson, Haley, Jackson, & Weakland, 1956). Fjölmiðlar spila stórt hlutverk þegar kemur að því að fjalla um frambjóðendur í stjórnámálum, og auðvitað eftir kosningu. Hins vegar fá konur öðruvísi umfjöllun og væntingar kjósenda til þeirra eru ekki þær sömu og til karlanna. Meðan karlmenn þurfa yfirleitt að vera hæfir, þá þurfa konur ekki bara að vera hæfar, heldur einnig geðþekkar. Þar sem þetta tvennt vefst óneitanlega saman eru líkur á að ef kona misstígur sig í kosningaherferð, verða til dæmis á mistök í starfi eða einkalífi, að bæði muni almenningur líta á hana sem óhæfa og minna geðþekka. Kjósendur eru frekar tilbúnir að kjósa karlkyns frambjóðanda sé hann hæfur þó þeim líki ekki við hann. Annað gildir um konur en þær fá síður kosningu ef þær falla ekki persónulega í kramið hjá kjósendum, þrátt fyrir að vera vel hæfar (Barbara Lee Family Foundation, 2014).

Gott dæmi um tvöfalda hindrun má finna í framboði Hillary Clinton til forsetaembættis í Bandaríkjunum árið 2016. Þegar sóst er eftir þessu stóra embætti þykir þurfa að vera metnaðarfullur, sama hvort á við um karla eða konur. Ef notaðar eru leitarvélar og slegið inn *Bernie Sanders metnaður* koma upp fyrirsagnir á borð við: *metnaðarfullar áætlanir*³ í tengslum við Sanders. Ef slíkt hið sama er gert með Trump koma upp svipaðar fyrirsagnir, eins og: *metnaðarfull áætlun um frávísun innflytjenda*⁴ eða *metnaðarfull þróun í fasteignageiranum*⁵. Þegar lýsa á persónunni sjálfri koma fyrir jákvæðar fyrirsagnir eins og: *Trump er stoltur og metnaðarfullur og stefnir á að skara fram*

³ Ambitious plans

⁴ Ambitious deportation plan

⁵ Ambitious real estate developments

úr⁶. Ef notaðar eru sömu forsendur með nafni Hillary Clinton er annað uppi á teningnum. Fyrirsagnirnar eru þá á borð við: *stjórnláus metnaður*⁷, *harðskeytt framagirnd*⁸ og jafnvel *sjúklega metnaðargjörn*⁹. Eftir að Clinton laut í lægra haldi fyrir Trump leið vika þangað til hún birtist aftur opinberlega í fjölmiðlum og mikið var þá rætt um útlit hennar sem þótti báglegt. Í fyrirsögnum á borð við *Fólk getur ekki hætt að tala um úfið útlit Hillary Clinton eftir að hún kemur í fyrsta sinn opinberlega fram*¹⁰ (Collins, 2016), eða *Já, ég trúi því að Hillary Clinton hafi af ásettu ráði ekki notað farða, og ég er ánægð með það*¹¹ er hjólað í útlit Hillary, en jafnframt gera þær því skóna að betra sé að koma fram eftir átökin í kosningabaráttunni án þess að setja upp gervibros og farða yfir verstu hrukkurnar. Augljóslega hafi Hillary hætt að reyna að ganga í augun á almenningi (Baxter, 2016). Einnig er vert að nefna að Clinton hefur gjarnan valið að klæðast buxnadrögtum allt frá árinu 1974 þegar hún vann að rannsókn Watergate hneykslisins. Hún hefur oft verið gagnrýnd fyrir klæðaburð, ekki síst af mótframbjóðenda sínum Trump, sem hélt því ítrekað fram að hún liti ekki forsetalega út. Einnig hélt tiskufrömuðurinn Tim Gunn því fram að Clinton væri augljóslega ekki viss um kynferði sitt sökum klæðaburðar. Ekki er nóg með að hnýtt sé í klæðaburðinn heldur sakaði Trump hana um að spila út *konuspilinu* til þess að sækja atkvæði. Þar með má hún ekki vera kona en henni leyfist ekki heldur að vera karl (Anna Marsibil Clausen, 2016). Clinton hefur ekki aðeins valið að gera sig karllægari í klæðaburði til að öðlast völd og virðingu, heldur hefur hún einnig breytt orðræðu sinni í gegnum árin og hefur færst frá því persónulegri og kvenlegri orðræðu yfir í fjarlægari og karllægari málnotkun (Jones, 2016). Sömuleiðis hefur Angela Merkel, kanslari Þýskalands, verið gagnrýnd fyrir einsleitir dragtir sínar og látið liggja að því að þessar ágætu dragtir gætu mögulega verið dragbítur á þá kjósendur sem óska eftir breytingum (Anna Marsibil Clausen, 2016). Buxnadrágtir kvenna í stjórnmálum verða því gildishlaðnar, en minna verður vart við að slíkar byrðar séu lagðar á jakkaföt karlmanna sem hafa nánast ekkert breyst í gegnum tíðina.

Donald Trump hlaut kosningu sem 45. forseti Bandaríkjanna árið 2016. Hann þótti hæfur vegna skoðana sinna og loforðin sem hann gaf féllu í kramið. Útlit hans og persóna, eins umdeilt og hvoru tveggja er, skiptu engu máli þegar uppi var staðið, en var aftur á

⁶ Trump is proud and ambitious, and he strives to excel

⁷ Unbridled ambition

⁸ Ruthless ambitions

⁹ Pathologically ambitious

¹⁰ People can't stop talking about how rough Hillary Clinton looked in her first public appearance

¹¹ Yes I do think Hillary Clinton staged her 'no make-up' appearance – and I'm glad she did

móti eitthvað sem varð Hillary Clinton að falli. Frægt er þegar Trump sagði að hann gæti gengið út á Fifth Avenue og skotið manneskju, en samt fengið góða kosningu (Gibson & Holland, 2016), en það lýsir vel þeim forréttindum sem hann býr við sem karlmaður í stjórnámálum þar sem persónulegar gjörðir hans skipta mjög litlu.

Konur sem hafa sýnt af sér áræðni og verið fylgnar sér í stjórnámálum hafa að sama skapi áunnið sér fjölda viðurnefna. Má í því samhengi nefna Margaret Thatcher, fyrrum forsætisráðherra Bretlands, en hún var þekkt undir viðurnefninu *Iron Lady* eða *Járnfrúin* og Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem gekk undir nafninu *Titanium Lady* eða *Títaníumfrúin*. Þessi viðurnefni gefa það ekki til kynna að litið hafi verið á þessar konur sem sterka leiðtoga, heldur fremur að með því að sýna ákveðni á svið stjórnmála hafi þær farið út fyrir sín kynbundnu hlutverk. Um leið og konur sýna ákveðni í stjórnámálum er þeim jafnvel refsað og þær stimplaðar með því að hljóta viðurnefni, og jafnvel ónefni, en sama hegðun af hendi karlmanna er frekar liðin og jafnvel talin merki um gott efni í stjórnámálum (Herrnson, 2006).

7. Aðferðafræði rannsóknarinnar

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við þær kröfur sem Háskólinn á Bifröst gerir varðandi framkvæmd fræðilegra rannsókna og stuðst við skjal F180 sem leggur línur um ritun lokaritgerða í grunnámi.

Verkefnið er byggt á eigindlegri (e. qualitative) rannsóknaraðferð í formi hálfstaðlaðra viðtala. Settur var saman viðmælendalisti og viðtalsrammi saminn (sjá viðauka I) sem var lagður fyrir leiðbeinanda til samþykkis. Að auki var samið viðmælendabréf.

Tölvupóstur var sendur til þeirra sem höfundur sóttist eftir viðtali við, ásamt viðmælendabréfi. Notast var við markvisst úrtak (e. *purposive sampling*) en með slíku úrtaki sækist höfundur eftir að komast í samband við viðmælendur sem hafa vegna stöðu sinnar þekkingu og reynslu á því sviði sem verið er að rannsaka (Berg, 2006). Haft var í huga þegar viðmælendur voru valdir að þeir hefðu töluverða reynslu af stjórnámum og hefðu á ferli sínum verið viðmælendur eða umfjöllunarefni í fjölmiðlum.

Þátttaka og aðgengi

Haft var samband við níu konur af þeim 31 sem sátu þá á þingi, í gegnum þau tölvupóstsföng sem gefin eru upp á Alþingisvefnum. Horft var til reynslu þeirra kvenna sem sendur var póstur, en litið var til þess að þær hefðu í setið það minnsta eitt kjörtímabil á undan því sem nú stendur yfir. Um er að ræða konur úr fjórum flokkum, en það gefur ágæta breidd í viðhorfum og reynslu viðmælenda.

Til að auka möguleika á svörun hafði höfundur samband við Valgerði Gunnarsdóttur, þingkonu Sjálfstæðisflokksins, og Hrafnkel Lárusson sagnfræðing og bað þau að vera sér innan handar. Þekkja þau bæði vel til þingkvenna vegna starfa sinna og aðstoðuðu höfundur við að komast í frekara samband við viðmælendur.

Á meðan rannsókninni stóð lést Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurdæmi suður, en höfundur hafði leitað eftir að fá að taka við hana viðtal. Ekki var sóst eftir viðtali við aðra þingkonu í hennar stað. Þegar viðtölin voru framkvæmd helltist einn viðmælendi úr lestinni og var ekki leitað eftir annarri í staðinn, þannig að í heildina voru því tekin fjögur viðtöl.

Viðtölin fóru fram dagana 24. febrúar og 27. febrúar, í Alþingishúsinu og á ótilgreindum stað í miðbænum. Lengsta viðtalið stóð yfir í 32 mínútur en það stysta í tæpar 20 mínútur. Á töflu 1 má sjá viðmælendur, stað og dagsetningu.

Er það mat mitt sem rannsakanda að þessir viðmælendur gefi verkefninu dýpri innsýn í viðfangsefnið, en einstaklingsviðtöl í rannsóknum miða að því að fá persónulegar skoðanir og upplifanir viðmælenda sem tengjast rannsóknarefninu (Crabtree & DiCicco-Bloom, 2006). Þar sem ég leitaðist eftir að viðmælendur gætu tjáð sig óheft um upplifun sína af viðkvæmum málefnum eru viðtölin undir nafnleynd og þess gætt að umorða eintaka setningar svo ekki sé hægt að rekja þær til einstakra þátttakenda. Einnig tóku viðmælendur það fram þegar þeir rifjuðu upp ákveðin atvik ef mögulega væri hægt að rekja ummæli eða frásagnir til þeirra og þess var þá sérstaklega gætt að nota þær upplýsingar ekki við vinnslu verkefnisins.

Viðtölin voru hálfstöðluð og var viðtalsramminn notaður til að ná fram skoðunum og viðhorfum viðmælenda um þá þætti sem verkefnið nær til (Crabtree & DiCicco-Bloom, 2006). Óskað var eftir undirrituðu samþykki viðmælenda (sjá viðauka II) þess efnis að nota mætti þær upplýsingar sem kæmu fram við vinnslu verkefnisins. Viðtölin voru rituð orðrétt niður, kóðuð, þemagreind og notuð sem heimildir við vinnslu verkefnisins. Þar sem áhersla var lögð á nafnleynd kom nafn viðmælenda aldrei fram, hvorki við upptöku né í afritun, heldur voru konurnar einkenndar með bókstaf til að byrja með og fengu síðar dulnefni. Einnig voru viðmælendur fullvissaðir um að uppskrifuð viðtölin myndu ekki fylgja sem viðaukar og öllum gögnum yrði eytt eftir að höfundur bærisk einkunn frá prófdómara. Einnig var þeim boðið að lesa rannsóknina yfir í heild sinni og fá tækifæri til þess að gera athugasemdir fyrir lokaskil.

Tafla 1. Viðmælendalisti

Viðmælendalisti		
Nafn	Starfstíll / Vinnustaður	Viðtalstími
Hafrún	Þingkona / Alþingi	24.02.2017
Heiðrún	Þingkona / Alþingi	24.02.2017
Bára	Þingkona / Alþingi	27.02.2017
Hafdís	Þingkona / Alþingi	27.02.2017

Greiningaraðferðir

Þegar ég var búin að taka öll viðtölin skráði ég þau strax orðrétt niður og bjó til sérstaka möppu fyrir þau. Ég prentaði þau út hvert og eitt og las yfir margoft og merkti við það sem mér þótti áhugavert. Slíkt ferli er kallað opin kóðun og þýðir að ég var opin fyrir því sem ég kynni að finna í viðtölunum og ekki með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um það. Þannig gat ég gert mér grein fyrir hvaða þrástef væri að finna í textunum, sem gerði það aftur að verkum að ákveðnar kenningar og hugtök spruttu fram (Braun & Clarke, 2006). Að því loknu klippti ég viðtölin niður í eitt skjal þar sem ég flokkaði þau yfir- og undirþemu sem birtust mér í textanum. Með þessu móti varð greiningin skýrari og ég hafði góða yfirsýn yfir þemun þegar tekið var til við að skrifa niðurstöðurnar.

Siðferðileg álitamál og afstaða rannsakanda

Sem rannsakandi gætti ég þess að allir þátttakendur væru upplýstir um hvað rannsóknin gengi út á og hvað yrði gert við upplýsingarnar. Þar hafði ég skaðleysisregluna í huga, en ekki er nóg að upplýst samþykki viðmælenda liggja fyrir til þess að rannsókn sem þessi teljist siðferðilega réttmæt (Sigurður Kristinsson, 2013). Ég gætti þess einnig að viðmælendum væri ljóst að um nafnleynd væri að ræða og öllum upptökum og minnispunktum yrði eytt og einungis leiðbeinandi fengi að sjá afritun þeirra. Einnig yrði svör þeirra umorðuð til að koma í veg fyrir að rekja mætti einstök svör til þeirra og ekki yrðu notaðar upplýsingar sem auðvelt væri að rekja beint til þeirra. Viðmælendum voru gefin dulnefni til þess að tryggja nafnleynd þeirra.

Það er mikilvægt að ég sem rannsakandi geri grein fyrir stöðu minni innan rannsóknarinnar því hún hefur áhrif á þær spurningar sem ég spyr viðmælendur mína og hvað ég vil fá fram með rannsókn sem þessari. Ég staðset mig sem jafnaðarsinnaðan femínista og rannsóknarefnið er valið vegna áhuga míns á stjórnárum og jafnrétti kynjanna.

Annmarkar viðtala felast einkum í takmörkunum á reynsluheimi viðmælenda. Einungis er miðlað af reynsluheimi og sýn viðmælenda sem gefur ekki örugga vissu um aðra í svipuðum aðstæðum. Einnig er einungis um fjóra viðmælendur að ræða og gefur því rannsóknin ekki mynd af viðhorfi allra stjórnárumkvæna á Íslandi, enda tilgangur hennar ekki að alhæfa um slíkt, ekki frekar en í öðrum eiginlegum rannsóknum.

8. Niðurstöður

Í þessum kafla mun ég reifa helstu niðurstöður úr þeim viðtölum sem tekin voru. Fjallað verður um hvert og eitt þeirra þema sem greind voru úr viðtölunum og í kjölfarið fylgir stutt samantekt.

Karlar og hæfni

Mikið var rætt um hlutfall karla og kvenna sem viðmælenda í fjölmiðlum. Hluti viðmælenda var meðvitaður um GMMP rannsóknina, sem hefur staðið yfir í samfelld 22 ár og sýnir að hlutfall kvenna í viðtölum um stjórnmál fer minnkandi, og nefndi hana að fyrri bragði til að styðja mál sitt.

Hafdís nefndi að alþingiskonur fengju sjaldnar að tjá sig í fjölmiðlum og nefndi rannsóknina sérstaklega. Skýringuna taldi hún vera að finna í valdaójafnvæginu sem ríki á þingi þar sem karlmenn gegni oft en ekki æðstu stöðum. Hún nefndi að á þessu kjörtímabili sætu karlmenn í valdamestu embættunum, fjármála- og forsætisráðherra. Hins vegar benti hún á að þegar konur gegndu þessum embættum fyrir ekki svo löngu síðan, hefði ekki verið leitað eins mikið til þeirra og karlanna um þau málefni. Hún taldi fjölmiðla leita til þeirra sem bæru einhverja ábyrgð og hefðu einhverja „vigt“ í orðum um málefni, og þá væri einhverra hluta vegna leitað til karlanna.

Hafrún sagði einnig að hún upplifði að það væri mun meira leitað til karla þegar ræða ætti „hörð“ mál á borð við efnahagsmál og sagði sömuleiðis að skýringuna væri að finna í því að þeir gegndu yfirleitt þessum „hörðu“ embættum og að áhugi fjölmiðla á kynjunum færi eftir viðfangsefnum. Hún nefndi rannsóknina einnig og taldi að skýringu þess að hlutfall viðmælenda væri svo ójafnt mætti finna í því að konur gegndu ekki sömu ábyrgðarstöðum og karlar. Hún nefndi, eins og Hafdís, að fjármála- og forsætisráðuneytunum væri stýrt af karlmönnum og þrátt fyrir tiltölulega jöfn kynjahlutföll á þingi þá væru fleiri karlmenn í flokki formanna og öll valdamestu ráðherraembættin væru skipuð karlmönnum.

Bára taldi vandamálið liggja í því að fjölmiðlaheimurinn væri ennþá of karllægur og hefði þar afleiðandi frekar áhuga á öðrum körlum en konum. Hún sagði það engu skipta um hvaða málaflokka væri að ræða, karlmenn fengju alltaf meira pláss í fjölmiðlum en konur. Hún skýrði það svo: „Karlar eru áhugaverðari“, og átti þá við í augum fjölmiðla.

Heiðrún og Bára héldu því báðar fram að það ættu ekki allir jafngreiða leið inn í fjölmiðla og mikið væri leitað til þeirra sem væru tilbúnir að gefa allar upplýsingar, og jafnvel eitthvað „krassandi“ eða tilbúnir að „skvíla“. Með því er átt við að fá upplýsingar sem eiga ekki endilega að vera aðgengilegar eða ekki tímabært að veita. Konur ættu almennt ekki eins greiða leið inn í fjölmiðla og þær upplifðu að það væri alltaf talað við sömu aðilana, trekk í trekk.

Einnig kom fram að þetta væri kannski ekki skrýtið, þar sem ójafnvægið væri ekki bara að finna í æðstu embættum, heldur værum við nú með ríkisstjórn með þremur karlkyns formönnum og því væru þeir meira áberandi í fjölmiðlum en ella. Þær upplifðu að hefðinni samkvæmt réðu karlmenn meiru og ekki aðeins kæmust þeir í valdamestu embættin, heldur einnig formannssæti í nefndum og væru þar af leiðandi meira áberandi í fjölmiðlum. Ein kvennanna gegndi um tíma valdamiklu embætti og var þar af leiðandi meira í fjölmiðlum en ella, en upplifði samt að frekar væri leitað til karla en hennar sjálfrar til að fá upplýsingar um þau málefni sem hún fór fyrir.

„Af einhverjum ástæðum virðast karlarnir vera svona miklu hæfari í þeim flokkum en konurnar,“ varð einum viðmælandanum að orði og nefndi í leiðinni að jöfn hlutföll karla og kvenna á þingi misstu hreinlega marks þegar allir oddvitarnir væru karlmenn. Þó kom fram að ástandið væri heldur að skána í þessum efnunum, þar sem nú væru konur þingflokksformenn í öllum flokkum nema einum og ætti það að endurspeglast í viðmælendum hjá fjölmiðlum.

Allir viðmælendur voru sammála um að það hallaði á alþingiskonur sem viðmælendur í fjölmiðlum. Þær voru meðvitaðar um GMMP könnunina sem hefur staðið yfir í öll þessi ár og gáfu þær skýringar að valdaójafnvægi ríkti á þingi. Karlmenn réðu meiru og gegndu valdamestu embættunum og fjölmiðlar leituðu þá frekar til þeirra. Þegar talað er um „hörð“ málefni er greinilegt að tvíhyggjuhugmyndin ríkir að einhverju leyti ennþá, þar sem karlarnir eru einhverra hluta vegna enn taldir hafa meiri stjórnunareiginleika og skynsemi til að bera. Það að konur séu nú þingflokksformenn í öllum flokkum nema einum er í raun ekki stórt skref fram á við, þar sem embættið er í raun valdalaust og snýst aðallega um samskipti við forseta Alþingis, að hafa umsjón með þátttöku í umræðu og sjá til þess að þingmenn séu viðstaddir atkvæðagreiðslu. Það má líka þessu við heimilishald og tengja það þeirri hugmynd að konan hafi í sér eðlislæga umhyggju sem geri hana frekar hæfa til að gegna þessu hlutverki en valdameiri embættum.

Hlédrægni kvenna

Helsta skýring þess að konur séu síður í fjölmiðlum en karlmenn hefur löngum verið talin sú að það sé einfaldlega erfitt að fá þær til að tala og gefa kost á sér í viðtöl. Viðmælendur voru ekki allir sammála því, þrátt fyrir að gefa í skyn að þetta væri að vissu leyti rétt.

Hafrún heldur því fram að þetta sé helsta skýring fjölmiðla en hún upplifi það alls ekki þannig. Hún hafi í gegnum tíðina reynt að verða við flestum viðtalsbeiðnum af því að henni hafi fundist vera pressa á sig sem konu, einmitt vegna þessa viðhorfs fjölmiðla. Það sé aðeins í seinni tíð sem hún leyfi sér að segja nei án þess að upplifa það sem svo að hún sé að bregðast kynsysturum sínum.

Heiðrún upplifir að konur séu ragari við að fara í viðtöl, sem henni finnst skrýtið því þær eigi að vita alveg jafn mikið og karlarnir en þeir séu bara kaldari við að mæta. Henni finnst mikilvægt að konur hvetji hver aðra til að verða við viðtalsbeiðnum og segir að þetta sé bara spurning um ákvörðun. Einnig telur hún að ástæða þess að konur séu ragari en karlar sé að það sé „innbyggt“ og „rótgróið“ í þeim. Hafdís tók einmitt fram að þegar hún var að byrja í stjórnálum hafi hún verið hrædd við að mistakast og verið óörugg að veita viðtöl. Seinna hafi henni þó runnið blóðið til skyldunnar, harkað af sér og fór að segja alltaf já við viðtölum, einmitt af því að henni fannst það skipta máli vegna þess að hún er kona.

Bára nefndi einnig að konur væru ragari en karlarnir og hreinlega ekki eins tilbúnar og karlmenn til að gefa kost á sér. Þegar innt var eftir skýringu sagði hún að hana væri að finna í eðlislægri hlédrægni kvenna. Að sama skapi sagðist hún ekki gefa kost á sér nema um málefnaleg viðtöl og mál væri að ræða, hún hefði í raun engan áhuga á að vera í kastljósi fjölmiðlanna vegna einhverra upphrópana eða krassandi fyrisagna.

Viðhorf tveggja viðmælenda voru þau að þeim fannst konur almennt ragari en karlmenn að gefa kost á sér í viðtöl. Það rennir stoðum undir það að fjölmiðlar telji erfðara að fá konur til að veita viðtal, þó allir viðmælendurnir væru sammála um það í kaflanum hér að ofan að skýringin fælist frekar í valdaójafnvægi. Hafrún upplifir einmitt ekki að hún sé rög og hefur í gegnum tíðina oft gefið kost á sér til að sanna að þetta ríkjandi viðhorf fjölmiðla sé rangt. Það að þær nefni að konur séu almennt ragari við að veita viðtöl rímar við kenningar um hvernig félagsmótun geri þær undirgefnari og auðsveipari. Meðan karlmenn reyna að taka sem mest pláss reyna konur að minnka sig svo þær verði síður sýnilegar. Þær eru meðvitaðri um eigin ófullkomnun og hvernig augnaráð annarra liggur

á þeim og fólk er tilbúið að dæma þær, falli þær ekki að því sem er samfélagslega samþykkt hverju sinni, til dæmis hvað varðar útlit, framkomu eða þekkingu. Taki kona upp á því að bera sig eins og karlmaður verður hún dæmd karlmannleg, sem er ekki eftirsóknarvert í fari kvenna. Þetta er fullkomið dæmi um tvöfalda hindrun (e. double bind), þar sem ein skilaboðin ógilda önnur.

Persónuleg málefni

Viðmælendur nefndu sérstaklega að áhugi fjölmiðla beindist ekki bara frekar að karlmönnum, heldur einnig að yngri konum og persónulegum málefnum þeirra. Síður væri leitað til eldri þingkvenna en þeirra yngri, en ekki væri endilega leitað til þeirra yngri vegna þekkingar þeirra á málefnum þings eða ríkisstjórnar, heldur væri áhuginn frekar á einkalífi þeirra.

Hafrún upplifði að frekar væri sóst eftir að tala við yngri konur á þingi og svo dofnaði áhuginn eftir því sem þær eltust. Hún talaði einnig um að fjölmiðlar hefðu mun meiri áhuga á persónulegri málefnum yngri kvenna á þingi, frekar væri leitað til þeirra í viðtöl í lífsstílsblöðum og slíku og þá beindist áhuginn meira að persónulega þættinum en þeim pólitíska. Almennt væri reyndar meiri áhugi á persónulegum högum kvenna en karla. Sjálf sagðist hún á sínum tíma hafa lent í því að fá alls konar beiðnir um viðtöl um persónulegt líf sitt og ekki skilið hvers vegna það var svo mikill áhugi á því, hennar líf hefði eiginlega ekki verið neitt áhugavert á þeim tíma. Hún sagði í gríni að kannski hefði hún átt að skilja við manninn sinn til að búa til eitthvað krassandi fyrir fjölmiðla.

Hafdís nefndi þetta einnig og sagði að hún hafði verið orðin það „gömul“ þegar hún fór út í stjórnsmál að hún hefði aldrei fengið þessa athygli út á persónuleg málefni sín. Sennilega hefðu fjölmiðlar ekki haft áhuga á hennar lífi þar sem hún var komin á tiltekinn aldur. Hún sagðist halda að fjölmiðlar hefðu ekki áhuga á lífi eldri kvenna og væru bara ekki „skotnir“ í þeim.

Heiðrúnu fannst þó eitthvað vera breytast með árunum í því hvernig fjölskylduhagir frambjóðenda væru tíundaðir í fjölmiðlum. Áður hefði mikið verið einblínt á að kona væri að fara fram einhvers staðar, og þá nefnt hvort hún væri gift og hvað hún ætti af börnum. Hennar tilfinning var að þetta væri á undanhaldi.

Fjölmiðlar einblína oft og tíðum á útlit þeirra kvenna sem eru viðfangsefni þeirra hverju sinni. Æsku- og útlitsdýrkun er allsráðandi og fjölmiðlar notast einatt við konur sem

uppfylla ákveðna útlitsstaðla, sem er nánast ógjörningur fyrir venjulegar konur að standa undir. Það að fjölmiðlar hafi frekar áhuga á yngri konum sem gegna þingmennsku er þá ekki óeðlilegt, í ljósi þess að það ríkir ákveðin krafa um hvernig konur eigi að líta út í fjölmiðlum. Þessi persónulegi áhugi á þeim, fjölskylduhögum þeirra og heimili segir að ennþá lifi í þeim þrálátu glæðum að konan sé húsmóðir og móðir, umvafin eðlislægri umhyggju.

Þöggun

Áhugaverður punktur kom fram í viðtölunum um hvernig ákveðin þöggun á sér stað á vinnustað kvennanna, sem gerir það að verkum að rödd þeirra heyrir síður á öldum ljósvakans. Ein þeirra talaði um að hún hefði gert á því mjög svo óvísindalega rannsókn hvernig karlmenn á þingi lyftu hver öðrum upp á fundum með því að nota nafn einstaklingsins: „eins og Sigurður sagði“ eða „þegar Gunnar sagði“. Með því vísa þeir til orða hvers annars, en þegar konur eiga í hlut segja þeir „eins og sagt var hér áðan“ en nota ekki nafn konunnar. Hvort sem þetta væri ómeðvitað eða meðvitað væri það hluti af ákveðinni þöggun og þeim óáþreifanlegu þáttum í stjórnmálum sem hún yrði mjög vör við. Þetta kallaði hún *skjallbandalag karla*, og sagði að konur gerðu þetta í minni mæli.

Hafrún kom einnig inn á þetta og sagði að konur á þingi hefðu oftsinnis deilt þeirri reynslu sinni í samtölum að þær upplifðu sig sem ósýnilegar þar sem ekki væri vitnað til orða þeirra. Það gerði það einmitt að verkum að þau orð skiluðu sér síður út til fjölmiðla. „Þetta er svona þessi þöggun,“ sagði hún að lokum.

Þetta er áhugaverður punktur í ljósi kenninga Bartky um hvernig karlar gera sig breiða og eins stóra og mögulegt er, meðan konur reyna að minnka sig og taka ekki eins mikið pláss og karlmenn. Einnig birtist sú tvíhyggjuhugmynd að karlmenn séu mun meira afgerandi í samskiptum en konur í þessu, meðan konan er valdlaus.

Staðalmyndir

Í viðtölunum var spurt hvort konurnar upplifðu pressu á sig sem konur. Þær voru sammála um að slíkt birtist þeim með einum og öðrum hætti. Þessi ímynd um konuna sem uppalanda og húsmóður gæti verið ástæða þess að frekar er leitað eftir viðtölum við þær varðandi persónuleg málefni, en síður til karla.

Hafrún kom inn á það að þrátt fyrir aukna þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum væru þær einhvern veginn að vinna fullan vinnudag og tækju einnig að mestu ábyrgð á heimilinu.

Þrátt fyrir að eitthvað hafi breyst frá því sem var og karlar séu farnir að taka meiri þátt í heimilishaldinu, þá eru konur að hennar mati ennþá ábyrgðaraðilar fyrir allt sem þarf að gera heima fyrir og það sem snýr að börnunum.

Nei, ég meina svona almennt bara þá er það þannig að konur eru í fullri vinnu og þegar atvinnuþátttaka kvenna jókst þá var hins vegar ekki gert ráð fyrir því að heimilisstörfin færu af þeim þannig að þær eru flestar í fullri vinnu og að sinna heimilisstörfum og ég meina, ég ímynda mér að margar konur sem ég starfa með séu með einhvers konar húshjálp eða eitthvað slíkt, ég er ekki með það þannig að það er nú meira bara, það er bara meiri óstjórn, þannig að þú veist það eru auðvitað mikil pressa á, á hérna, eh...konum bara almennt á Íslandi að vera útivinnandi en líka taka ábyrgð á heimilinu og líka öllu þessu dótaríi sko, íþróttum barnanna, tómstundum, endalaust sko...eitthvað. Svona öllu þessu sem kallar á ákvarðanir, sjá um afmælisgjafir fyrir barnaafmæli, þið vitið, allt þetta sem er ekki kannski mikið hvert og eitt sko, en safnast upp. Skráning í, í þið vitið, skráning inn í sumarnámskeiðin og eitthvað, þetta er voða mikið konunnar sem eru í því að muna þetta og, sjá um að allt gangi upp sko. Svona ábyrgðaraðilar á heimilinu.....

Skýringuna taldi hún vera pressu frá samfélaginu og tók sem dæmi að það vorkenndi enginn einstæðum mæðrum en einstæðir feður væru dásamaðir fyrir dugnað.

Heiðrún sagði að sennilega væri þetta hin sterka ímynd um húsmóðurina og móðurina sem allt hverfðist um þegar upp væri staðið. Þó sagði hún að allt sem hún gerði væri hennar eigið val og þessi pressa að vilja hafa heimilið í lagi, börnin hrein og strokin, líta vel út og vera á framabraut kæmi frá konunum sjálfum.

Bára kemur aftur inn á hlédrægni kvenna, en hún telur að konur fái frá unga aldri þannig uppeldi og skilaboð að þær eigi að vera þægar og hlýðnar. Svo komi krafan frá þeim sjálfum að vera duglegar og metnaðarfullar í starfi en jafnframt að vera fyrirmyndar húsmæður og sinna börnunum vel. Það sé hennar reynsla, að hún geri mestar kröfur til sjálfrar sín. Hún gerir samt kröfur til sinna dætra, byggðar á þeirri mynd sem hún hafi af sjálfri sér, en hún hafi líka fengið þær kröfur frá formæðrum sínum. Þannig erfist þessi metnaður kvenna á milli í fjölskyldunni. Það er ljóst að Bára er ekki ein um að setja þessa pressu á sig, heldur er hún rótgróin í umhverfi hennar.

Einn viðmælandinn kom inn á það að þegar hún var fyrst kosin á þing átti hún ungt barn og fékk að heyra það að hún væri eiginlega bara að yfirgefa það þar sem starfið sem hún þáði væri ábyrgðarmikið og reiknað með að vinnuálagið væri mikið. Það væri bara eins og

hún hefði yfirgefið svæðið og skilið mann og barn eftir. Það var ekki fyrr en eiginmaður hennar benti á að fjöldi feðra færi til sjós og skildi börn og konur eftir og slíkt væri ekki tíundað, að öldurnar lægði. Ekki var fjallað sérstaklega um þetta í fjölmiðlum, en nærumhverfi þeirra velti sér dálítið upp úr þessu.

Það kom einnig fram að það væri mikil krafa á konur um að geta hreinlega allt. Það sé ætlast til þess af ungum konum í dag að þær séu ekki bara flinkar og góðar húsmæður sem kunna að elda og sjá um börn, heldur einnig að vel menntaðar og í góðum störfum. Þær eiga að vera með pung, eins og oft er sagt þegar töggur á að vera í einhverjum - sem er sérstakt þar sem pungurinn er viðkvæmasta líffæri karlmannsins og þolir ekkert hnjask.

Hafdísi finnst konur í ábyrgðarstöðum mun oftast fá spurningar er snúa að heimili og börnum, og oft vera spurðar hvort þær séu ekki að vanrækja eitthvað með því að vera að bröлта þetta í pólitíkinni. Hún segir að karlar fái ekki slíkar spurningar, sem sé vegna þess að almennt sé viðhorfið að þeir eigi ekkert að vera að standa í heimilisstörfum og barnauppleði. Hún kom einnig inn á það hvernig hún ýtti á sínar dætur að verða sér úti um góða menntun og störf, og spjara sig almennt. Hún talaði einnig um hvernig væri lögð meiri áhersla á að konur litu vel út og þar af leiðandi væru þær alltaf að passa hvað þær borðuðu og djöflast í ræktinni meðfram öllu öðru.

Viðmælendur viðurkenndu að kröfurnar sem væru gerðar til þeirra sem útivinnandi, húsmæðra og mæðra kæmi að mestu að innan, frá þeim sjálfum. Hins vegar er ljóst að þessar hugmyndir koma einhvers staðar frá. Hugmyndina um konuna sem hlýja og góða móður má rekja aftur til Forn-Grikkja, og með auknu eftirliti og valdi sem fært hefur verið til borgaranna er konan stanslaust að laga sig eftir þeim normum og gildum sem ríkja hverju sinni á hvaða tíma svo hún eigi ekki á hættu að verða dæmd. Konur hafa fært valdið innra með sér og eru orðnar eigin fangaverðir, eins og kemur fram í kenningu Foucault um vald, byggt á fangelsiskenningu Benthams. Konan hætti ekki svo glatt að vera móðir og húsmóðir þrátt fyrir aukna þátttöku á atvinnumarkaðinum, og það kemur skýrt í ljós í svörum viðmælenda. Vandinn felst einnig í því að kynbundinn launamunur leikur hlutverk í ójafnvægi því sem myndast í umönnun barna og heimilisstörfum, eins og komið hefur fram. Þar sem konur hafa almennt lægri laun þá fellur þeim oftast þetta hlutverk í skaut, að sjá meira um börn og heimili. Ójafnvægi í töku fæðingarorlofs vegna þessa launamunar á einnig sinn þátt í vandamálinu.

Fjölmiðlar

Í viðtölunum var rætt um starfshætti fjölmiðla, og voru viðmælendur meðvitaðir um þá sem fjórða valdið. Komið var hvaða breytingar viðmælendur myndu helst vilja sjá í störfum fjölmiðla. Þessar spurningar voru bornar upp til að varpa mynd á hvað viðmælendur hefðu að athuga við framgang og vinnubrögð fjölmiðla.

Bára telur helsta vandamál fjölmiðla liggja í æsifréttaðamennsku og að þeir stjórnist of mikið af því hvað þeir telji að muni seljast. Hinu neikvæða sé frekar slegið upp og lítið horft til þess hvað vel hefur unnist, óháð því hvaða flokkar séu við stjórnvölinn. Einnig segir hún pólitíska slagsíða vera vandamál, en ef fjölmiðlar ætli að greina frá þeim störfum sem unnin eru á þinginu þá verði þeir að gæta hlutlausrar umfjöllunar. Slíkt skorti tilfinnanlega og Bára upplifði að menn væru hreinlega búnir að vera í skotgröfum síðan eftir fjármálahrunið.

Hafrún telur að helsta vandamálið felist í starfsmannaveltu og þar af leiðandi lélegu stofnanaminni innan fjölmiðla. Eins og Bára kom hún inn á pólitíska slagsíðu og tengir það við eignarhald á vissum fjölmiðlum þar sem ákveðin ritstjórnarstefna ríki. Einnig finnst henni vinnubrögð fjölmiðla oft og tíðum vera hroðvirknisleg og upplifir það stundum sem svo að bara sé verið að fylla upp í ákveðnar mínútur.

Heiðrún kom einnig inn á að það vantaði sárlega að fjölmiðlar sýndu áhuga á þeim málefnum sem skipta þjóðina og almenning miklu máli. Henni fannst vanta alla dýpt í fréttáflutning og sagði að fjölmiðlar leptu bara upp eftir hverjum öðrum gagnrýnislaust, en sjá mætti sömu fréttir nánast alveg eins á mörgum miðlum.

Hafdís sagði svipaða hluti og talaði til dæmis um að fjölmiðlar fjölluðu ekkert um fjármálastefnuna sem væri samþykkt á fimm ára fresti og væri ekki haggð nema hamfarir dyndu yfir, eins og eldgos eða allsherjar fjármálahrun. Það væri bara krafa um að allir skildu allt í þremur setningum en í raun ætti að gera djúpa skýringarþætti um þessi stóru málefni sem eiga að skipta almenning máli.

Althygli vakti að engin þeirra kvenna sem sátu fyrir svörum nefndi einu orði að fjölmiðlar ættu að sækjast meira eftir að tala við konur um störf þeirra. Þær einblíndu allar frekar á að það vantaði dýpri skýringar um þau málefni sem fjallað væri um hverju sinni innan þings og ríkisstjórnar, og sögðu að fjölmiðlar ættu frekar að einbeita sér að því að miðla með skýrum hætti til almennings þeim málum sem skipta þjóðina máli. Þeim fannst

töluvert um að fréttir færu tiltölulega gagnrýnslaust í gegnum fjölmiðlana og um leið og einn væri búinn að slá upp æsifrétt fylgdu hinir eftir, án þess að leggjast í neina rannsóknarvinnu.

Það er ljóst að þrátt fyrir skýr lög um að fjölmiðlar eigi að jafna hlut karla og kvenna sem viðmælenda, þá er lítið um efndir. Þrátt fyrir að í skýrslu fjölmiðlanefndar komi fram að mikilvægt sé að fjölmiðlar viðhafi vönduð vinnubrögð þá er niðurstaðan sú að allt of oft er sama efnið gegnumgangandi í öllum fjölmiðlum, nánast orðrétt og unnið á afar skömmum tíma og stundum án þess að leita eftir frekari upplýsingum. Þetta er heldur ekki í takti við áherslur fjölmiðlanefndar um að reyna að koma sem flestum sjónarhornum að og stuðla að lýðræðislegri og gagnrýninni umfjöllun.

9. Lokaorð

Það hefur verið mikill lærdómur fyrir mig sem rannsakanda að fara í gegnum þetta ferli og sjá niðurstöðurnar fæðast. Þrátt fyrir að búa í samfélagi þar sem jafnrétti er talið vera langt á veg komið, og það sérstaklega inni í valdamestu stofnun landsins, kom á óvart að valdahlutföllin fylgja ekki með. Karlar hafa ennþá tögl og haldir hvað valdið varðar og konur í stjórnámálum á Íslandi eiga alveg jafnerfitt með að brjóta sér leið í gegnum glerþakið og kynsystur þeirra í lýðræðissamfélögum annars staðar í heiminum. Mér finnst mikilvægt að áréttu að konur búa við enn bágari aðstæður í hinum ýmsu hornum heimsins og hafa lítið sem ekkert vald, hvort sem um ræðir þeirra eigin líkama eða ákvarðanir, hvað þá þátttöku í stjórnámálum. Við megum hins vegar ekki líta svo á að konur í vestrænu samfélagi eins og á Íslandi eigi bara að vera glaðar og sáttar með sinn hlut þar sem konur annars staðar hafi það verra. Svo skal bül bæta að bíða annað meira, en ég tel að mikilvægara sé að halda áfram að leggja áherslu á að jafna enn frekar kjör og stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi og leggja góðan grunn sem væri til eftirbreytni fyrir samfélög sem komin eru styttra á veg í þessum málum. Ég hef þá trú að ef ekki verði samfélög sem halda áfram að berjast í þessum málaflokki þá staðni baráttan og deyi að lokum út. Slíkt má ekki gerast. Þar sem Ísland leiðir baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna er ábyrgðin töluverð og því verður að fylgja vel eftir.

Með rannsókn sem þessari var von mín að vekja athygli á þeirri stöðu sem konum er búin á þingi. Ef þættir sem þessi eru ekki rannsakaðir og vakin athygli á þeim þá viðhelst þessi hefð, að valdamestu stöðurnar eru nánast alltaf í höndum karla. Það er mikilvægt að rödd kvenna í stjórnámálum heyrist og þeim sé treyst til verka á hinum svokölluðu „hörðu“ sviðum, eins og til dæmis að stýra forsætis-, heilbrigðis- og fjármálaráðuneytum. Það að halda konum á „mjúku“ sviðunum af því að það á að samræmast einhverjum hugmyndum um þær sem konur á ekki heima á þessari öld. Jafnframt er það á ábyrgð fjölmiðla að átta sig á að konur hafa rödd sem þeir verða lögum samkvæmt að leyfa að hljóma, hvort sem um ræðir í ljósvakamiðlum eða á prenti, stuðla þannig að lýðræðislegri umræðu og gera þær sýnilegri í þeim störfum sem þær gegna.

Konur eru hæfar, konur eru skynsamur, konur eru fyrirmyndir, konur hafa raddir.

Heimildir

- Anna Marsibil Clausen. (29. október 2016). *Buxnadrage ber í glerþakið*. Sótt frá Morgunblaðið:
http://www.mbl.is/frettir/erlent/2016/10/29/buxnadrage_ber_i_glerthakid/
- Arnfríður Aðalsteinsdóttir. (17. október 2014). *Skiptir kyn máli?* Sótt 13. febrúar 2017 frá Jafnréttisstofa:
<http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadArticle3&ID=139>
- Ágúst Borgþór Sverrisson. (16. apríl 2016). *Gunnlaugur kokhraustur: „Sigmundur er fertugur maður sem á ekki neitt“*. Sótt frá DV:
<http://www.dv.is/frettir/2016/4/5/gunnlaugur-anaegdur-med-akvordun-sigmundar-davids-afskaplega-flott-spilad-hja-honum/>
- Barbara Lee Family Foundation. (2014). *Keys to Elected Office: The Essential Guide for Women*. Cambridge, Massachusetts: Barbara Lee Family Foundation. Sótt frá <http://www.barbaraleefoundation.org/wp-content/uploads/BLFF-Keys-to-Elected-Office-06.02.2014.pdf>
- Bartky, S. L. (1990). *Femininity and domination: Studies in the phenomenology of oppression*. London: Routledge.
- Bartky, S. L. (1998). Foucault, Femininity, and the Modernization of Patriarchal power. Í S. L. Bartky, & R. Weitz (Ritstj.), *The Politics of Women's bodies. Sexuality, Appearance, and Behaviour* (bls. 25-45). New York, USA: Oxford University Press.
- Bateson, G., Haley, J., Jackson, D. D., & Weakland, J. (1956). Toward a Theory of Schizophrenia. *Behavioral Science*, 251-254.
- Baxter, H. (2016). *Yes I do think Hillary Clinton staged her 'no make-up' appearance – and I'm glad she did*. Sótt frá Independent:
<http://www.independent.co.uk/voices/hillary-clinton-speech-donald-trump-us-president-no-make-up-speech-im-glad-she-did-a7425546.html>
- Berberick, S. N. (Maí 2010). The Objectification of Women in Mass Media: Female Self in Misogynist Culture. *The New York Sociologist*, 5, 1-15.
- Berg, B. L. (2006). *Qualitative research methods for the social sciences*. Boston: Allyn and Bacon.
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, & Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kyn og jafnrétti. Upplýsingar fyrir ungt fólk*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jafnréttisstofa. Sótt frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti:
https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Kynogjafnretti-5_mars2010.pdf
- Biagi, S. (2012). *Media Impact: An Introduction to Mass Media*. Boston: Michael Rosenberg.

- Brandura, A. (1971). *Social Learning Theory*. New York: General Learning Press.
- Braun, V., & Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77-101.
- Byerly, C. M., & Ross, K. (2006). *Women and Media. A Critical Introduction*. Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Chrisler, J. C., Malkin, A. R., & Wornian, K. (1999). Women and Weight: Gendered Messages on Magazine Covers. *Sex Roles*, 40, 647-656.
- Collins, K. (17. nóvember 2016). *People Can't Stop Talking About How Rough Hillary Clinton Looked In Her First Public Appearance*. Sótt frá Daily Caller: <http://dailycaller.com/2016/11/17/people-cant-stop-talking-about-how-rough-hillary-clinton-looked-in-her-first-public-appearance/>
- Crabtree, B. F., & DiCicco-Bloom, B. (2006). The qualitative research interview. *Medical Education*, 40, 314-321. doi:10.1111/j.1365-2929.2006.02418.x
- Elfa Ýr Gylfadóttir. (2015). *Fjölmiðlanefnd. Ársskýrsla 2015*. Reykjavík: Fjölmiðlanefnd.
- Folbre, N. (1994). *Who Pays for the Kids? Gender and the Structures of Constraint*. New York: Routledge.
- Foucault, M. (2005). *Alsæi, vald og þekking*. (G. Baldvinsson, Ritstj., Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson, & Sigurður Ingólfsson, Þýð.) Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Gerbner, G. (1998). Cultivation Analysis: An Overview. *Mass Communication & Society*, 3/4(1), 175-194.
- Gibson, G., & Holland, S. (23. janúar 2016). *Confident Trump says could 'shoot somebody' and not lose voters*. Sótt frá Reuters: <http://www.reuters.com/article/us-usa-election-idUSMTZSAPEC1NFEQLYN>
- Graber, D. A., & Dunaway, J. (2015). *Mass Media and American Politics*. Los Angeles: SAGE Publications Ltd.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2007). *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). *Within the Aura of Gender Equality. Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Heilman, M. E. (2001). Description and Prescription: How Gender Stereotypes Prevent Women's Ascent Up the Organizational Ladder. *Journal of Social Issues*, 57(4), 657-674.
- Helga Arnardóttir. (11. apríl 2011). *Getur ekki gengið að ráðherrastólnum vísum eftir fæðingarorlof*. Sótt frá Vísir: <http://www.visir.is/g/2011110419797/getur-ekki-gengid-ad-radherrastolnum-visum-ef-tir-faedingarorlof>

- Hendriks, A., & Burgoon, M. (27. maí 2003). *The Relationship between Fashion Magazine Consumption and Body Satisfaction in Women: Who is most at risk of influence?* Sótt frá Allacademic:
http://citation.allacademic.com/meta/p_mla_apa_research_citation/1/1/1/7/8/pages111783/p111783-1.php
- Herrnson, P. S. (2006). The Fairer Sex? Gender and Negative Campaigning in U.S. Elections. *American Politics Research*, 34(1), 69-94.
- Hulda Hólmkelsdóttir. (12. október 2016). *Með barn á brjósti í ræðustól Alþingis*. Sótt frá Vísir: <http://www.visir.is/med-barn-a-brjosti-i-raedustol-althingis/article/2016161019566>
- Innanríkisráðuneytið. (Ég get ekki sett inn komment hérna, þannig að þetta kemur bara hér. Athugaðu þessa dagsetningu - hún er frekar skrytinn. 2015. ágúst 2015). *Frumvarp til nýrra laga um útlendinga til umsagnar*. Sótt frá Innanríkisráðuneytið: <https://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/29355>
- Jafnréttisstofa. (án dags.a). *Hvað er kynbundinn launamunur? Af hverju eru konur með lægri laun en karlar?* Sótt frá Jafnréttisstofa:
<http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=44>
- Jafnréttisstofa. (án dags.b). *Af hverju fá konur lengra fæðingarorlof en karlar?* Sótt frá Jafnréttisstofa: <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=45>
- Jones, J. J. (2016). Talk "Like a Man": The Linguistic Styles of Hillary Clinton, 1992–2013. *Perspectives on Politics*, 14(3), 625-642. doi:10.1017/S1537592716001092
- Kinnaly, W., & Van Vonderen, K. E. (2012). Media Effects on Body Image: Examining Media Exposure in the Internal and Other Social Factors. *American Communication Journal*, 14(2), 41-57.
- Kristín Sigurðardóttir. (6. apríl 2017). *Kvenráðherrum erfitt að taka fæðingarorlof*. Sótt frá Ríkisútvarpið: <http://www.ruv.is/frett/kvenradherrum-erfitt-ad-taka-faedingarorlof>
- Kristín Þóra Ásgeirsdóttir. (22. september 2016). *Féll ekki í prófkjöri af því ég er kona- Unnur Brá Konráðsdóttir um jafnréttið í Sjálfstæðisflokknum*. Sótt frá Fréttatíminn: <http://www.frettatiminn.is/fell-ekki-i-profkjori-af-thvi-eg-er-kona-unnur-brakonradsdottir-um-jafnrettid-i-sjalfstaedisflokknum/>
- Lög um fjölmiðla nr. 38/2011*
- Lög um fæðingarorlof nr. 55/2000*
- Morgunblaðið. (25. apríl 2010). *Konur, kosningar og fjölmiðlar*. Sótt frá Morgunblaðið: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1330849/>
- Morgunblaðið. (18. febrúar 2013). *V. antaði g.luggaskraut*. Sótt frá Morgunblaðið: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1455486/>

- Morgunblaðið. (15. september 2016). *Kynbundinn launamunur óbreyttur*. Sótt frá Morgunblaðið:
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/09/15/kynbundinn_launamunur_obreyttur/
- Mulvey, L. (1989). *Visual and Other Pleasures*. Bloomington: Indiana University Press.
- Nefnd menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. (2005). *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Reykjavíkurborg. (27. september 2013). Börn ári fyrr á leikskóla. Reykjavík. Sótt frá <http://www.althingi.is/altext/erindi/142/142-196.pdf>
- Ross, K. (2003). *Women Politicians and Mainstream Media: a Game of Two Sides*. Belfast: Queens University.
- Sigurður Kristinsson. (2013). *Siðfræði rannsókna og siðanefndir*. (Sigríður Halldórsdóttir, & Kristján Kristjánsson, Ritstj.) Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stundin. (3. janúar 2017). *Eina stjórnmalakonan fékk aðeins hrós fyrir að líta vel út*. Sótt frá Stundin: <http://stundin.is/frett/konan-fekk-adeins-hros-fyrir-ad-lita-vel-ut/>
- Thomas, N. (17. nóvember 2016). *People Can't Stop Talking About How Much Hillary's Appearance Has Changed After the Election – WHOA!* Sótt frá The Political Insider: <http://www.thepoliticalinsider.com/people-cant-stop-talking-much-hillarys-appearance-changed-election-whoa/>
- Una María Óskarsdóttir. (26. janúar 2002). *Fjölmiðlar hafa mikil áhrif til félagsmótunar og bera því mikla ábyrgð*. Sótt frá Velferðarráðuneyti:
<https://www.velferdarraduneyti.is/heimasidur/konur/utgefid-efni/nr/309>
- United Nations. (1995). *Report of the Fourth World Conference on Women*. New York: United Nations. Sótt frá <http://www.un.org/womenwatch/daw/beijing/pdf/Beijing%20full%20report%20E.pdf>
- Valgerður Jóhannsdóttir. (2015). *Iceland. Global Media Monitoring Project 2015*. Toronto: World Association for Christian Communication (WACC). Sótt 28. janúar 2017 frá http://cdn.agilitycms.com/who-makes-the-news/Imported/reports_2015/national/Iceland.pdf
- Weitz, R. (1998). A History of Women's Bodies. Í R. Weitz, & R. Weitz (Ritstj.), *The Politics of Women's bodies. Sexuality, Appearance, and Behaviour* (bls. 3-11). New York, USA: Oxford University Press.
- Weitzman, L. (1985). *The Divorce Revolution: The Unexpected Social and Economic Consequences for Women and Children in America*. New York: Free Press.
- World Economic Forum. (2015). *The Global Gender Gap Index 2015*. Sótt frá World Economic Forum: <http://reports.weforum.org/global-gender-gap-report-2015/economies/#economy=ISL>

Þorgerður Þorvaldsdóttir. (3. nóvember 2000). *Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna?* Sótt frá Vísindavefurinn:
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1084>

Viðaukar

Viðauki 1 – Viðtalsrammi

1. Hvernig finnst þér fjölmiðlaumfjöllun um konur í stjórnámálum?
2. Finnst þér fjölmiðlar fjalla jafnt um konur og karla í stjórnámálum?
 - a. (ef nei) geturðu tekið dæmi?
3. Hefur þú upplifað óbilgjarna umfjöllun um þig af hálfu fjölmiðla?
 - a. Ertu tilbúin að segja frá þeirri umfjöllun?
4. Hefur þú lent í því að fjölmiðill/miðlar hafi snúið út úr ummælum þínum eða tekið þau úr samhengi?
5. Hafði það einhver áhrif á þig/hvernig leið þér?
6. Hefur þú upplifað að umfjöllun sem ætti í raun að snúast um vinnuna þína hafi leiðst út í umfjöllun um persónuleg málefni þín?
 - a. Til dæmis er varðar fjölskyldu þína, maka eða börn ef svo á við.
 - b. Jafnvel eitthvað úr fortíð þinni.
7. Finnst þér karlar lenda í svipaðri umfjöllun?
 - a. Ef svo er, hvers vegna heldur þú að svo sé?
8. Hefur þú einhvern tímann forðast að veita viðtal eða reynt að koma í veg fyrir umfjöllun í fjölmiðlum?
 - a. Ef svo er, hvers vegna?
9. Finnst þér vera pressa á konur að sinna mörgum verkefnum í einu?
 - a. Verða sér úti um góða menntun, gott starf og sinna meðfram því heimilishaldi, barnaupveldi og jafnvel tómstundum? Ef já, hvaðan heldur þú að þessi pressa komi?
10. Hefur þú einhvern tímann upplifað að fjölmiðill hafi fjallað sérstaklega um útlit þitt eða persónu?
11. Nú hafa fjölmiðlar ytra til dæmis fjallað um klæðnað valdamestu konu heims reglulega, þá dragtir Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Er þessu eins háttað hérlendis, heldurðu? Ef svo er, getur þú nefnt dæmi?
12. Hvernig hefur þér fundist fjölmiðlar fjalla um menntun og störf kvenna í stjórnámálum hérlendis?
 - a. Er það til jafns við karlmenn?

13. Finnst þér halla á konur í stjórnámálum þegar fjölmiðlar leita eftir viðtölum um tiltekin málefni er varðar starfið?
 - a. Ef svo er, hver heldur þú að sé skýringin?
14. Upplifir þú samstöðu milli kvenna í þinni starfsstétt?
 - a. Ef svo er, hvernig birtist hún?
15. Ræðið þið til dæmis ykkar á milli um framgöngu fjölmiðla í ykkar garð?
16. Hefur samstarfsfélagi látið eitthvað lítillækkandi falla í fjölmiðlum um þig sem snýr ekki að vinnu þinni?
 - a. Ef svo er, leitaði viðkomandi fjölmiðill eftir viðbrögðum þínum?
17. Finnst þér skipta máli hvort fulltrúi fjölmiðils er karl eða kona?
 - a. Ef svo er, hvers vegna?
18. Treystir þú fjölmiðlum héraendis?
19. Hvaða breytingar myndir þú helst vilja sjá í verklagi fjölmiðla héraendis?
20. Er eitthvað sem þú vilt taka fram að lokum?

Viðauki 2 – Samþykktarskjal

Samþykki viðmælanda

Ábyrgðaraðili er:

Ingunn Bylgja Einarsdóttir, nemi á félagsvísindasviði, ingunnbe13@bifrost.is

Vinnutitill:

Að rannsaka hvort konur í íslenskum stjórnámálum upplifi að fjölmiðlar fjalli frekar um þær á grundvelli staðalmynda, til dæmis hlutverkum þeirra sem uppalandur og húsmæður, er frekar sjónum beint að útliti þeirra en síður einblínt á verk þeirra, getu og menntun.

Markmið rannsakanda er að taka viðtöl við vel valdar konur sem hafa umsvifamikla reynslu af stjórnámálum hérlendis og hafa komist í sviðsljós fjölmiðla vegna vinnu sinnar. Útfrá viðtölunum er ætlunin að þemagreina þau til þess að ljá verkefninu dýpt og skapa heildstæða mynd af málefningu.

Leiðbeinandi rannsakanda við verkefnið er Ásta Jóhannsdóttir, kennari við Háskólann á Bifröst.

Ábyrgðaraðili óska, með góðfúslegu leyfi þínu, þess að vísa í orð þín við gerð skýrslunnar. Fullrar nafnleyndar verður gætt og hvergi í rannsókninni verður hægt að rekja svör einstakra viðmælanda. Viðmælandi getur óskað þess að draga samþykki sitt til baka til dagsins 28. apríl 2017. Jafnframt er viðmælanda bent á að hann má neita að svara einstaka spurningum.

Upptaka viðtalsins og skrifleg afrit þess verður meðhöndlað sem trúnaðargögn. Þau verða einungis notuð til vinnslu þessa verkefnis og verða ekki afhent eða aðgengileg þriðja aðila. Tilvísanir í viðmælendur verða umorðaðar í þeim tilgangi að gæta ennfremur nafnleyndar.

Hafir þú spurningar varðandi viðtalið eða framkvæmd þess, skora ég á þig að hafa óhikað samband við Ástu Jóhannsdóttur, kennara við Háskólann á Bifröst: asta@bifrost.is.

Ég samþykki að ábyrgðaraðili megi nýta þær upplýsingar sem fram koma í viðtalinu við vinnslu verkefnisins. Ég hef kynnt mér skilmála hér að ofan og samþykki þá hér með, með undirskrift minni.

Nafn viðmælanda:

Undirskrift viðmælanda:

Staður og dagsetning:

Undirskrift ábyrgðaraðila:
